

Eimskip
Skerpir
fókusinn



Annað Ísland í utlöndum
Baugur
umsvifamestur

6



Hugmyndir
Mikilvægasta
vara Vesturlanda

8-9



14



VIÐ STOFNUN HYDROKRAFT INVEST
Forstjóri Landsvirkjunar segir áhættuna við verkefnið hafi verið takmarkaða.

Útrás í anda stjórnarsáttmála

Útrás Landsvirkjunar og Landsbankans í gegnum HydroKraft Invest er í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í maí, að sögn Friðriks Sophussonar, forstjóra Landsvirkjunar. Þar er talað um að tímabært sé „að leysa úr læðingi krafta einkaframtaksins svo að íslensk sérþekking og hugvit fái notið sín til fulls í útrás orkufyrirtækja“.

Aukinheldur telur Friðrik umræðu sem í gangi er um útrás Orkuveitunnar með REI ekki eiga við um HydroKraft, sem sé að helmingi í eigu dótturfélags Landsvirkjunar og hafi fyrst og fremst leitað vatnsaflsverkefna í suðausturhluta Evrópu. Hann bendir á að Landsvirkjun sé eingöngu í samkeppnis- en ekki einkaleyfisbundinni starfsemi. Þá hafi ekki enn verið ráðnir starfsmenn til HydroKraft, heldur vinni starfsfólk Landsbankans og Landsvirkjunar með stjórnarmönnum. „Og því ekki um kauprétt eða valréttarsamninga að ræða.“

- óká

TrackWell
FORÐASTÝRING

Tíma- og verkskráning
fyrir starfsmenn og tæki

www.trackwell.com

FRÉTTIR VIKUNNAR

Samruni samþykktur | Stofnfjáreigendur í sparissjóðnum Byr samþykktu einróma sameiningu við Sparissjóð Kópavogs (SPK). Stofnfjáreigendur í Sparissjóði Kópavogs höfðu áður gert slíkt hið sama.

Hægur bati | Greining Glitnis spáir hægum bata á hlutabréfmarkaði í nýrri afkomuspá. Spáð er sex prósentu hækkun úrvalsvísitölunnar á fjórða ársfjórðungi.

Umdeildur samruni | Reykjavík Energy Invest og Geysir Green Energy hafa verið sameinuð undir nafni hins fyrrnefnda. Eignir sameinaðs félags nema 65 milljörðum króna og heildarhlutfé 40 milljörðum.



Atorka tvöfaldast | Virði Atorku hefur tvöfaldast frá upphafi ársins. Gengi bréfanna hækkaði um 8,19 prósent á föstudag í kjölfar sameingar REI og GGE. Atorka er þriðji stærsti hluthafi sameinaðs félags.

Skóða sparissjóð | Landsbankinn er talinn líklegur til að gera tilboð í írsku sparissjóðinn Irish Nationwide Building Society á næstunni. Kaupverð er sagt einn milljarður evra, 87 milljarðar íslenskra króna.

Bæta við | Bakkavör Group hefur keypt breska matvælafyrirtækið Welcome Food Ingredients Ltd. Kaupin voru fjármögðuð úr sjóðum Bakkavarar, en kaupverðið er ekki gefið upp.

Eimskip kaupir | Eimskip hefur skrifað undir viljayfirlýsingu um kaup á sextíu prósentu hlut í kínverska gámageymslufyrirtækinu Luyi Depot. Geymslusvæði félagsins er um 110 þúsund fermetrar.

Forstjórinn farinn

Breskir fjölmiðlar segja marga farna frá Landsbankanum í Bretlandi. Bankastjórinn segir eðlilegar skýringar á málinu.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Fjöldi starfsfólks breska fjármála- og verðbréfa-fyrirtækisins Bridgewell, hefur látið af störfum eftir að Landsbankinn keypti fyrirtækið í maí síðastliðnum. Þar á meðal eru nokkrir af æðstu stjórnendum fyrirtækisins, svo sem Jim Renwick, fyrrverandi forstjóri Bridgewell, sem tók poka sinn á föstudag í síðustu viku. Renwick átti veigamikinn þátt í sölnunni á fyrirtækinu og er sagður hafa fundað hér á landi ásamt bankastjórum Landsbankans áður en greint var frá kaupunum opinberlega. Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbankans, segir að upphaflega hafi ekki verið gert ráð fyrir því að Renwick myndi hætta en það hafi verið óhjákvæmilegt þegar á leið.

Breska blaðið Financial News segir fjórðung starfsfólks Bridgewell, eða 27, hafa hætt störfum og megi reikna með að fleiri starfsmenn muni hugsa sér til hreyfings á næstunni. Sigurjón segir fréttirnar ýktar en að tölurnar séu allt of lágar: „Það eru örugglega miklu fleiri starfsmenn sem hafa hætt, þeir eru nær því að vera um áttatíu,“ segir hann og bendir á að skurkur í starfsmannahaldi eigi sér eðlilegar skýringar.

Landsbankinn hefur í kjölfar kaupanna á Bridgewell, sem lauk í ágúst, sameinað fyrirtækið og Teather & Greenwood í eina sæng en saman mynda þau Landsbanki Securities (UK) Ltd, verðbréfa-deild Landsbankans í Bretlandi.

Nick Stagg, forstjóri Landsbankans í Lundúnum, sagði í samtali við Markaðinn í síðustu viku að fréttir um fólksflotta úr herbúðum fyrirtækisins væru stórlega ýktar í breskum fjölmiðlum. Þar var því haldið fram að fjöldi fyrrverandi starfsfólks Bridgewell hefði hætt eftir að Landsbankinn í London hefði lokið við að taka félagið yfir í ágúst. Boð um háan bónus hefði ekki nægt til að halda fólkinu í starfi.

Sigurjón segir að gert hafi verið ráð fyrir því að einhverjum yrði sagt upp hjá Bridgewell vegna samþættingarinnar og hafi starfslokasamningar verið gerðir við marga vegna þessa. „Saman voru þetta fyrirtæki með um þrjú hundruð starfsmenn sem við þurftum að sameina í eitt fyrirtæki með um 220 til 230 manns. Í því felst auðvitað að um sjötíu til áttatíu manns verða að hætta,“ segir Sigurjón og bendir á að fjöldi fólks hafi verið sagt upp. „Það er fullkomið eðlilegt.“

Sex starfsmenn Bridgewell hættu í kjölfarið sem ekki var reiknað með að myndu hugsa sér til hreyfings, að sögn Sigurjóns. „Við sjáum sérstaklega eftir tveimur en þeir fóru yfir til keppinauta okkar. Hinir fóru að gera eitthvað allt annað,“ segir hann.

Í tilkynningu til Kauphallar Íslands í maí 2007 segir í frétt frá Landsbankanum að Jim Renwick verði næstráðandi í Landsbankanum í London eftir kaupin á Bridgewell. Stjórnendur Bridgewell og lykilstarfsmenn hafi skuldbundið sig til áframhaldandi starfa í sameinuði fyrirtæki.

Óskar látinn fjúka í fjórða sinn

Sigurður Viðarsson hefur tekið við starfi forstjóra TM af Óskari Magnússyni.

Þetta er í fjórða sinn sem félög tengd Baugi kaupa fyrirtæki undir stjórn Óskars.

„Ég er auðvitað bara stoltur af því að þau fyrirtæki sem ég hef stjórnað séu eftirsóknarverð. Þau hafa öll verið seld á mjög háu verði, margföldu því sem var þegar ég tók við þeim,“ segir Óskar Magnússon, fráfarandi forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar (TM). Tilkynnt var í gær um ráðningu Sigurðar Viðarssonar í starf forstjóra tryggingafélagsins. Óskar, sem gegnt hefur starfi forstjóra þess síðastliðin þrjú ár, lætur af störfum. Þetta er í fjórða skipti sem félög tengd Baugi kaupa fyrir-

tæki undir stjórn Óskars.

Árið 1998 keypti Baugur Hagkaup þegar Óskar var þar forstjóri. Á næstu árum stýrði Óskar Þyrpingu sem á þeim tíma var stærsta fasteignafélag landsins. Stoðir keyptu Þyrpingu í árslok 2000 en þær eru í meirihlutaeigu Baugs. Frá Þyrpingu fór Óskar í Íslandssíma og stóð meðal annars fyrir umbreytingu félagsins í Og Vodafone. Baugur keypti það félag fyrir þremur árum. Nú síðast keypti svo FL Group TM. Baugur er stór hluthafi í

FL Group í gegnum ýmsar fjárfestingar. Í öllum tilfellum hefur orðið samkomulag um að Óskar hætti störfum hjá félögunum.

Málalokin komu Óskari ekki á óvart. „Það er eðlilegt að víkja þegar grundvallarbreytingar verða í hópi eigenda og gefa nýjum eigendum færi á að stilla strengina eftir sínu höfði en ekki mínu. Um þetta ríkir fullkomið samkomulag.“ Framtíðarstarfsvettvangurinn er enn óráðinn. „Ætli ég verði ekki mest notaður til heimabruks á næstunni.“ - hhs

Örugg ávöxtun
í þeirri mynt
sem þér hentar

Peningabréf
Landsbankans

ISK
14,4%*

GBP
6,5%*

DKK
4,4%*

USD
5,4%*

EUR
4,7%*

CAD
4,2%*

Markmið
Peningabréfa er
að ná hærri ávöxtun en
millibankamarkaður og
gjalddeyrisreikningar. Enginn
munur er á kaup-
og sölugengi.

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðli sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útbóðslýsingar og útdráttar úr útbóðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. ágúst – 31. ágúst 2007.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	11,8%	68,3%
Bakkavör	0,6%	7,7%
Exista	8,5%	59,1%
FL Group	9,8%	5,7%
Glitnir	2,6%	25,5%
Eimskipafélagið	-0,5%	21,2%
Icelandair	0,7%	-2,2%
Kaupping	5,7%	39,6%
Landsbankinn	5,3%	62,3%
Straumur	5,9%	23,6%
Teymi	3,1%	16,6%
Össur	7,4%	-3,5%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Skrefi frá peningalausum hagkerfi

Nýráðinn forstjóri MasterCard á Íslandi boðar útrás og breytingar. Haukur Oddsson var í viku-byrjun ráðinn forstjóri Borgunar hf., helsta samstarfsaðila MasterCard á Íslandi, og tekur við af Ragnari Önnarsyni sem gegnt hefur starfinu í níu ár.

Haukur segir við mikilli uppstokkun á kortamarkaði að búast og haldi þar áfram breytingar sem þegar hafi orðið, svo sem á eignarhaldi og með færslu útgáfu greiðslukorta úr rekstrinum. Hann segir starfsvettvanginn spennandi enda kortanotkun óvída meiri. „Hér er nánast peningalaust þjóðfélag, bara hálftrú prósent af þjóðarframleiðslunni í umferð sem peningar, meðan hlutfallið er til dæmis sjö til átta prósent í Sviss.“



Breytt umhverfi og ný verkefni segir hann því ráða mannskiptunum. „Óhætt er að segja að þessar breytingar tengjast ekki rannsókn samkeppnis-yfirvalda á þessum markaði á nokkurn hátt,“ segir hann, en á þeim vettvangi stendur enn yfir rannsókn sem hófst síðasta sumar. Meðal breytinga sem séu að verða segir Haukur aukna áherslu á útrás. Sóknarfærin eru að sögn Hauks mörg enda starfsemi kortafyrirtækjanna hér mun metnaðarfullri en þekktist erlendis. „Gjöld sem hér eru greidd af bæði verslunum og af korthöfum eru til dæmis með því allra lægsta sem þekktist.“ - óká

HAUKUR ODDSSON Haukur segir gaman að taka við nýju starfi af Ragnari Önnarsyni, en þeirra kynni hófust þegar Ragnar réði Hauk til starfa í lónaþarbankanum árið 1984.

Spá aukinni verðbólgu

Greiningardeildir bankanna spá því að vísitala neysluverð hækki á bilinu 0,5 til 0,8 prósentustig á milli mánaða í október. Gangi það eftir mun verðbólga í mánuðinum fara úr 4,2 prósentum í síðasta mánuði í 4,5 til 4,8 prósent. Hagstofan birtir verðbólguútlurnar fyrir október í dag.

Í verðbólguþáttum bankanna eru útsölulok, veiking krónunnar og hækkandi húsnæðisverð helstu liðirnir sem auka munu verðbólguna allt fram til áramóta. - jab

Áhætta meiri en eign

Eign FL Group í Alfesca er tiltekinn 15 prósent í kynningargögnunum vegna fjárfestadags félagsins sem fram fór í Lundúnum fyrir helgi. Beinn eignarhlutur í Alfesca er hins vegar 0,7 prósent samkvæmt hluthafalista.

Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs FL Group, segir mismuninn skýrast af skiptasamningum sem FL Group hefur gert við íslenska banka. FL fer því ekki með atkvæðisrétt eða ber tilkynninga-

skyldu vegna þeirra hluta. Samningarnir eru þannig að við uppgjör er ekki um að ræða færslu á bréfum, heldur er greiddur mismunur af breytingu á hlutabréfavæði Alfesca milli aðila við uppgjör. „FL Group ber því áhættu af gengisbreytingum á bréfum í félaginu,“ segir Halldór. „Hér er því ekki um beina eignaraðild að ræða, heldur skiptasamning. Heildar fjárhagsleg áhætta FL með Alfesca er 15 prósent.“

- óká

Íbúðalánasjóður nýtist helst fjáðum

Íbúðalánasjóður sinnir ekki hlutverki félagslegs sjóðs fyrir þá sem eru að kaupa í fyrsta sinn á höfuðborgarsvæðinu. Þvert á móti nýtist hann helst fólki sem á mikið eigið fé til húsnæðiskaupa. Þetta er meðal þeirra fullyrðinga sem Magnús Árni Skúlason, framkvæmdastjóri og eigandi ráðgjafafyrirtækisins Reykjavík Economics, mun færa rök fyrir í hádegisfyrirlestri í Háskóla Íslands í dag.

Í fyrirlestri sínum mun Magnús fjalla um formgerð íslenska íbúðalánakerfisins og hvernig markaðurinn hefur þróast frá því að bankarnir hófu innreið sína á markaðinn í samkeppni við Íbúðalánasjóð árið 2004.

Magnús mun meðal annars fara yfir framboð nýbygginga og þær lýðfræðilegu breytingar sem áttu sér stað hér á landi og komu í veg fyrir að fasteignaverð féll, eins og það hefði í raun átt að gera. „Árið 2004 voru þrjú þúsund íbúðir í byggingu og allt stefndi í offramboð. Það varð hins vegar ekki því það komu svo margir innflytjendur inn á höfuð-



MAGNÚS ÁRNI SKÚLASON Segir íbúðalánasjóð ekki sinna félagslegu hlutverki sínu.

borgarsvæðið en ekki einungis á Austurland, eins og alltaf var talað um,“ segir Magnús.

Fyrirlestur Magnúsar byggir á erindi sem hann flutti fyrir alþjóðleg samtök veðlánahafa í Evrópu (European Mortgage Federation) í vor. Hann hefst klukkan 12.15 í sal 101 í Odda og er öllum opin. - hhs

Stofna nýtt félag um jarðhitarannsóknir

Aukið fjármagn og mannaflí verður lagður í jarðhitarannsóknir í Kína með nýstofnuðu félagi Glitnis og Sinopec. Reykjavík Energy Invest verður einn eigenda.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir skrifar

Glitnir og kínverska olíu- og orkufyrirtækið Sinopec hafa stofnað félag um auknar fjárfestingar í jarðhitaverkefnum í Kína. Ætlunin er að þróa áfram tækni í einstökum verkefnum um leið og könnuð verða tækifæri til nýrra hitaveitu- og orkuframleiðsluverkefna.

Auk Glitnis og Sinopec mun Reykjavík Energy Invest koma að samstarfi og eign félagsins sem enn hefur ekki hlotið nafn. Nákvæmt hlutfall eignarhaldsins hefur heldur ekki verið útfært. Glitnir verður þó ekki meirihluta-eigandi. „Þegar Glitnir tekur beina eignaraðild í verkefnum á borð við þetta er það gert til að koma af stað umbreytingarferli en ekki til að verða aðaleigandi. Gott dæmi um það er aðkoma okkar að Geysi Green Energy. Við byrjuðum sem stórir eigendur þar en höfum selt okkur kerfisbundið niður,“ segir Magnús Bjarnason, framkvæmdastjóri Alþjóðasviðs Glitnis.

Glitnir hefur unnið með Sinopec frá árinu 2005 í gegnum jarðhitaverkefni í borginni Xianayang í Kína. Það verkefni snýst um byggingu hitaveitu. „Við höfum verið mjög ánægð með árangurinn af samstarfi okkar í Xianayang. Hingað til höfum við aðeins verið



VIÐ UNDIRSKRIFT SAMNINGSSINS Forsvarsmenn Glitnis og Sinopec ásamt Gunnari Snorra Gunnarssyni, sendiherra Íslands í Kína, Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, og Zhang Keyuan, sendiherra Kína á Íslandi.

í þessari einu borg. Hins vegar eru tækifæri víða annars staðar í Kína,“ segir Magnús. Sinopec er skráð á kínverska og alþjóðlega fjármálamarkaði. Félagið er stærsti framleiðandi og seljandi unninnar olíuvöru í Kína og annar stærsti hráolíuframleiðandi landsins. Það hefur starfsstöðvar um allt Kína og er því hentugur samstarfsaðili fyrir Glitni að sögn Magnúsar. „Við munum meðal annars skoða möguleika á að fara í hitaveituverkefni á borð við það sem við erum með í Xianayang. Þá munum við skoða möguleika á öðrum verkefnum sem tengjast jarðvarma, eins og raforkuframleiðslu.“

Ætlun Glitnis er að setja bæði meira fjármagn og aukinn mannafla í jarðvarmaverkefni í Kína. Magnús er þó ekki tilbúinn til að gefa upp hversu miklum fjármunum verður varið í nýja verkefnið.

Fjárhagsleg áhrif þessa tiltekna verkefnis á Glitni verði þó óveruleg. „Þetta er fyrst og fremst strategískt mikilvægt fyrir Glitni. Mengun er gríðarlega stórt vandamál í Kína. Þar er mikill áhugi fyrir því að draga úr loftmengun eins og mögulegt er. Eftirspurn eftir endurnýjanlegri orku er því að aukast mjög þar. Við viljum taka þátt í þessum breytingum.“



CAPACENT RÁÐGJÖF AUGLÝSIR

TIL SÖLU ER

HERRAFATAVERSLUN Í REYKJAVÍK

Um er að ræða traustan rekstur með tryggn hóp viðskiptamanna. Þetta er einstakt tækifæri fyrir áhugasama aðila. Sterkir byrgjar og miklir vaxtarmöguleikar, tækifæri til fjölgunar útsölastaða.

Nánari upplýsingar veita eftirtaldir ráðgjafar hjá Capacent Ráðgjöf. Sturla Geirsson, sturla.geirsson@capacent.is, sími 840 1217
Sigurður Jón Björnsson, sigurdur.bjornsson@capacent.is, sími 898 2400

Capacent veitir ráðgjöf við kaup og samruna fyrirtækja. Capacent veitir ráðgjöf um fjármögnun og aðstoðar í samningum við fjármögnunaraðila

capacent
ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM

Lada

eða Hummer?

„Lýsing hefur alla tíð haft fulla trú á okkar hugmyndum og viðskipti okkar hafa einkennst af trausti. Við erum mjög ánægð með okkar ráðgjafa en Lýsingu helst vel á starfsfólki og þannig skapast stöðugleiki í samskiptum. Það er svo gott að vita að hverju maður gengur.“

**Garðar K. Vilhjálmsson framkvæmdastjóri,
Bílaleigan Geysir**



Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir



LYSING

LYSING.IS // 540 1500

Vilja meiri peninga

Óformlegt yfirtöktilboð fjárfestingarsjóðsins Delta Two í breska stórmarkaðinn Sainsbury var í hættu á mánudag þegar Sainsbury-fjölskyldan, stærsti hluthafinn í stórmarkaðnum, taldi lífeyrissjóð hans hlunfarinn og fór fram á að kaupendur settu meira fé í sjóðinn.

Tilboðið hljóðar upp á 10,6 milljarða punda, jafnvirði rúmra 1.300 milljarða íslenskra króna. Gert er ráð fyrir að fjárfestingarsjóðurinn leggi fram formlegt tilboð í vikunni. -jab

Tíu prósent iPhone-síma ólögleg

Einn af hverjum tíu iPhone-margmiðlunarsímum frá Apple er seldur til fólks sem hefur í hyggju að afkóða símann og selja á svörtum markaði. Þetta segir í nýrri umfjöllun um símana, sem eingöngu er hægt að kaupa í Bandaríkjunum og á ekki að vera hægt að nota utan landsteinanna. Ekki er gert ráð fyrir að símarnir komi á markað í Evrópu fyrr en eftir mánuð.

Þegar síminn kom á markað greindu forsvarsmenn Apple frá því að þeir stefndu á að selja



IPHONE-SÍMAR Reiknað er með að tíu prósent af öllum iPhone-farsímum séu ólögleg. MARKAÐURINN/AP

tíu milljónir farsíma af þessari gerð fyrir lok næsta árs um heim allan.

Þrátt fyrir sölubannið utan Bandaríkjanna er hægt að kaupa og hlaða niður hugbúnaði á netinu sem opnar símana en slíkur gjörningur gerir eigendum þeirra kleift að nota þá á hvaða símkerfi sem er, þar á meðal héraðslendis. Samkvæmt nýlögri umfjöllun Vísis.is eru um fjórutíu ólöglegir margmiðlunarsímar frá Apple í notkun hér á landi sem hafa verið afkóðaðir. -jab

Oliuverð á niðurleið

Heimsmarkaðsverð á hráolíu fór undir 79 dali á tunnuna í gær eftir að olíufélagið Shell greindi frá því að það ætlaði að auka olíuframleiðslu í Nígíeríu. Verðið hefur verið rúmlega áttatíu dalir á tunnuna upp á síðkastið.

Skærun og árásir á olíuvinnslustöðvar við ósa Nígíer í Nígíeríu hafa valdið því að dregið hefur stórlega úr olíuframleiðslu þar í landi og sumum olíuvinnslustöðvum verið lokað.

Aukning hjá Shell varð er félagið hóf á ný vinnslu í einni vinnslustöðvanna við ósa Nígíer. -jab

Ríkasti Kínverjinn kona undir þrítugu

Yang Huiyan, 26 ára kona í fasteignageiranum, er ríkasti Kínverjinn í dag. Yang á ekki langt að sækja hæfileikana; faðir hennar er stórtækur í fasteignabransanum í födurlandi þeirra feðgina.

Auðurinn er að vísu allur kominn úr födurgarði en faðirinn, sem hefur látið fara lítið fyrir sér í kínverskum fjármálaheimi, færði allt hlutabréfasafn sitt í fasteignabróunarfélaginu Country Garden yfir á nafn dóttur sinnar fyrir tveimur árum. Félagið var skráð á hlutabréfamarkað í Hong Kong í fyrra og hafa hlutabréfin rokið upp í verði líkt og flest hlutabréf í Kína. Auður Yang er talinn nema jafnvirði 16,2 milljarða Bandaríkjadala, tæpra 990 milljarða íslenskra króna.

Bandaríska viðskiptatímarit-



GLUGGAD Í HIÐ KÍNVERSKA FORBES Kona undir þrítugu trónir á toppnum sem ríkasti einstaklingurinn í Kína á þessu ári. MARKAÐURINN/AFP

id Forbes bendir á að þetta sé sjöfaldur auður Wong Kwong Yu, ríkasta manns Kína í fyrra.

Fólk í kínverska fasteignabransanum er ofarlega á lista Forbes yfir fjórutíu ríkustu einstaklinga í Kína. Ástæðan fyrir því er gríðarlegur hagvöxtur þar í landi undanfarið ár og snarukinn kaupmáttur fólks sem hefur skilað sér í mikilli neyslugleði. -jab

Hlutabréf Promens verða skráð í evrum

Skrá á Promens í Kauphöll Íslands á næsta ári. Forstjóri félagsins segir bréfin verða í evrum. Frá næstu mánaðamótum verður öll starfsemi félagsins undir heiti Promens.

Oli Kristján Ármannsson
skrifar

Hlutabréf iðnfyrirtækisins Promens, dótturfélags Atorku, verða skráð í evrum, að sögn Ragnhildar Geirsdóttur, forstjóra fyrirtækisins. Stefnt er að skráningu í OMX Kauphöll Íslands.

„Langstærstur hluti af okkar rekstri er í evrum og á evrusvæði. Við stefnum því að skráningu í evrum og vonandi verða ekki á því vandkvæði á næsta ári,“ segir Ragnhildur. Hún segir skipta miklu gagnvart bæði erlendum fjárfestum og stjórnendum sem hlut eiga í félaginu að bréfin verði skráð í evrum. „Það ræður náttúrliga enginn yfir gengi krónunnar og tenging við hana myndi verða til vandkvæða.“

Af um 6.000 starfsmönnum Promens og 64 verksmiðjum sem eru í 22 löndum starfa innan við hundrað manns hér á landi í tveimur verksmiðjum. Annars vegar er það á Dalvík, þar sem rætur Promens liggja í Sæplasti, og í frauðplastverksmiðju Tempru í Hafnarfirði. Promens er með stærstu fyrirtækjum Evrópu í plastiðnaði.

Í sumar kynnti Promens nýtt skipurit þar sem öll félögin innan samstæðunnar eru rekin saman. Frá og með 1. nóvember næstkomandi verða svo félögin öll rekin undir nafni Promens. Félagið hefur stækkað gífurlega á einu ári, en stærsta stökkið var tekið í desember í fyrra með kaupunum á norska félaginu Polimoon Group sem skráð var í kauphöllina í Ósló, en Polimoon var fjórum sinnum stærra félag en Promens. Félagið var svo í kjölfarið skráð úr kauphöllinni.

Á þessu ári hefur Promens svo bætt við sig þremur

Við stefnum því að skráningu í evrum og vonandi verða ekki á því vandkvæði á næsta ári,“ segir Ragnhildur. ... „Það ræður náttúrliga enginn yfir gengi krónunnar og tenging við hana myndi verða til vandkvæða.“



KAUPIN Á POLIMOON KYNNT Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Promens, kynnir kaupin á norsku iðnsamstæðunni Polimoon Group á blaðamannafundi í byrjun þessa árs. MARKAÐURINN/HEIDA

félögum sem öll sérhæfa sig í snyrtivöruumbúðum; strax í byrjun árs í Rússlandi, í félagi sem sérhæfir sig í snyrtivöruumbúðum, um mitt ár var svo keypt félag í Frakklandi og nú síðast var yfirtekin framleiðslueining spænska fyrirtækisins STE.

Ragnhildur segir stefnt að áframhaldandi ytri vexti félagsins. „Við horfum til smærri og millistorra fyrirtækja í þeim efnunum,“ segir hún, en kveður um leið ekki tímabært að upplýsa frekar um gang þeirra mála. Ragnhildur segir tækifærin þó ekki vanta því í plastiðnaði séu mörg smærri fyrirtæki og tækifærin því nánast óþrjótandi. „En við kaupum náttúrliga ekki hvaða félag sem er, þau verða að passa inn í áætlanir okkar.“ Ragnhildur segist ekki reikna með að fyrirætlanir um frekari vöxt Promens trufla skráningu í Kauphöllina.

Stærstu bankakaupin senn að veruleika

Þrjár bankar frá Belgíu og Spáni undir forystu Royal Bank of Scotland (RBS) hafa tryggt sér samþykki handhafa 86 prósent hlutabréfa í ABN Amro, stærsta banka Hollands, fyrir yfirtöku á honum. Kaupverð nemur tæpum 72 milljörðum evra, rúmum 6.200 milljörðum íslenskra króna og allt útlit er fyrir að bankarnir taki þátt í einhverjum stærstu fyrirtækjakaupum í evrópskum fjármálaheimi til þessa.

Þótt vilyrði sé fyrir kaupunum innan meirihluta hluthafahóps ABN Amro munu hluthafarnir senda frá sér tilkynningu á föstudag þar sem fram kemur hvort öllum skilyrðum fyrir yfirtöku sé fullnægt svo kaupin nái fram að ganga.



EITT ÚTIBÚA ABN AMRO Stærsti banki Hollands fellur senn í skaut þremur bönkum í Skotlandi, Belgíu og á Spáni gangi allt að óskum. MARKAÐURINN/AFP

Gengi bréfa í Royal Bank of Scotland féll um heil þrettán prósent strax í vikubyrjun enda reikna flestir með því að kaupin séu of stór biti fyrir bankana, jafnvel þótt þeir séu þrjár um hituna. -jab



512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ SÝN 2

Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% afslátt af fyrsta mánuðinum

SÝN2
enski boltinn



Upplifðu töfra

Fágun, glæsileiki og framúrskarandi aksturseiginleikar einkenna nýjan Mercedes-Benz C-Class. Aksturstillfinningin er töfrum líkust – fullkomin kyrró í bland við hárfína snerpu.

Mercedes-Benz C200 K sjálfskiptur, verð 4.090.000 kr.

Komdu og reynsluaktu!



Mercedes-Benz



LAGT AF STAÐ Í SKOÐUNARFERÐ Eftir formlega opunarathöfn frystigeymslu Eimskips í Kína á laugardaginn var farið í skoðunarferð um svæðið. Dorrit Moussaieff og Ólafur Ragnar Grímsson voru í fylgd með Yan, varaborgarstjóra Qingdao, og Magnús Þorsteinsson fylgdi á eftir.
LJÓSMYNDIR/PÓRHALLUR-PEDROMYNDIR

Skarpari fókus Eimskips

Margir segja að gamla góða Eimskipafélagið sé snúið aftur. Á alþjóðavettvangi er lögð áhersla á langa sögu félagsins og þátt þess í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Allt sem minnir á Avion Group er flogið á braut. „Flugið olli okkur og markaðnum vonbrigðum,“ sagði Baldur Guðnason við Björgvin Guðmundsson í háloftunum á leiðinni heim frá Kína.

Eimskipafélag Íslands er orðið eitt stærsta sjóflutningsfyrirtæki með kældar og frystar afurðir í heiminum. Á laugardaginn opnaði félagið stærstu frystigeymslu sína í Qingdao í Kína. Það er liður í mikilli uppbyggingu félagsins á þessu sviði í heiminum undanfarið misseri. Áherslan er nú lögð á flutningastarfsemi og há löngu sögu sem starfsemi Eimskipafélagsins byggir á.

„Við fókuserum meira á þetta eftir að við ákváðum að selja flugið og einbeita okkur að flutningastarfsemi,“ segir Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips. „Það eru kannski tvær meginástæður fyrir því. Flugið olli okkur og markaðnum vonbrigðum vegna frávika í rekstrinum og stóð ekki undir væntingum sem við lögðum af stað með. Í millitíðinni uxum við mjög hratt í flutningastarfsemi. Og við erum búnin að vaxa upp í það að vera með stærsta sjóflutningsfyrirtækið í heiminum með kældar og frystar afurðir.“

Við sáum að við þurftum að hlúa að þessu. Og á þeim tímamarki snerum við nafninu úr því að vera Avion í það að vera bara

Hf. Eimskipafélag Íslands. Eimskip er með 93 ára sögu og margir velviljaðir félaginu. Það á ekki bara við á Íslandi því fyrirtækið hefur stundað viðskipti víða í heiminum og engan skilið eftir með brennda fingur. Það er sama hvort það er í bankakerfinu, úti í heimi eða í kringum iðnaðinn; við komum alls staðar að opnum dyrum,“ segir forstjórinn.

FIMMTÁN PRÓSENTA MARKAÐSHLUTDEILD

Baldur segir Eimskip vera komið með fimmtán prósentu markaðshlutfall í hitastýrðum flutningum á heimsvísu og orðið langstærsta fyrirtækið. Þau sem komi næst séu með sjö til átta prósentu hlutdeild. Og þessi markaður muni vaxa mikið næstu árin.

„Því er spáð að stórmarkaðir í heiminum eigi eftir að auka hillupláss um 25 til 30 prósent fyrir frystar og kældar afurðir til ársins 2010.“

Því er spáð að sjóflutningar vaxi úr 70 milljónum tonna í 130 milljónir tonna til ársins 2015, sem þýðir nær tvöföldun. Það er bæði með frystiskipum og í frystigámum. Það er greinilega vöxtur og aukin eftirspurn eftir frystum og kældum afurðum,“ segir Baldur.

„Við sjáum líka á þessum svæðum sem við erum að koma okkur fyrir á, eins og Asíu, Rússland, Eystrasaltlöndunum og Austur-Evrópu, að kaupgeta fólks er að vaxa. Samhliða mun það kaupa minna af niðursoðnum mat og meira af kældum og frystum mat. Það þýðir aukin umsvif og vöxt á þessum svæðum.“

MESTA VELTAN Í NORÐUR-AMERÍKU

Stærsti markaður Eimskipa er í dag Norður-Ameríka, þar sem um fjörutíu prósent af veltunni falla til. Eftir nokkur fyrirtækjakaup undanfarna mánuði er starfsmannafjöldi á vegum félagsins að nálgast fimmtán þúsund á 300 starfsstöðvum í fimm heimsálfum. Norður Atlantshafssiglingarnar, Evrópa og Eystrasaltlöndin og Rússland eru hver með um fimmtán til tuttugu prósent af veltu hvert

svæði. Velta Eimskips í Asíu er um tvö prósent en Baldur efast ekki um að vöxturinn þar verði mikill.

„Við getum sagt að stærsti markaðurinn okkar í dag er Kanada og Bandaríkin. Þar erum við með fjörutíu prósent af okkar veltu. Síðan erum við með sterka stöðu í Argentínu, Nýja-Sjálandi og Ástralíu. Við erum með fjörutíu prósentu markaðshlutdeild í Argentínu og tuttugu prósent í Nýja-Sjálandi og Ástralíu. Svo erum við með gríðarlega sterka stöðu í Bretlandi. Einnig erum við með sterka stöðu í Rússlandi þar sem við erum bæði með gámskip og frystiskip, sem sigla til Rússlands, um Eystrasaltlöndin og til Póllands. Svo erum við auðvitað með mjög sterka stöðu á Norður-Atlantshafinu, sem er okkar heimamarkaður, Ísland, Færeyjar, Noregur,“ segir Baldur. Við þessar aðstæður þurfi stefnan í rekstrinum að

vera skýr til þess að áætlanir um að margalda veltuna og ná árangri í rekstri gangi eftir.

QINGDAO-HÖFN EINS SÚ UMSVIFAMESTA

Frystigeymsla Eimskipa í Qingdao-höfn í Kína er sú fyrsta á þessu athafnasvæði. Höfnin er fimmtánda umsvifamesta gámahöfn í heimi samkvæmt opinberum upplýsingum kínverskra stjórnvalda. Þar tengjast 450 hafnir í yfir 130 löndum og svæðum. Í hverjum mánuði fóru árið 2006 að meðaltali 419 skip á alþjóðlegum siglingaleiðum um höfnina.

Baldur segir höfnina gríðarlega vel staðsetta á ört vaxandi markaði í Asíu. Í fyrstu er frystigeymslan um 55 þúsund tonn en verður stækkuð í 110 þúsund tonn.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tók þátt í að opna frystigeymsluna formlega á laugardaginn var. Við það tækifæri sagði hann að þetta samstarf hefði verið ómögulegt fyrir nokkrum árum. Um leið væri það sönnun þess að allt væri mögulegt á nýrri öld.

Forstjóri Eimskips segir aðkomu stjórnvalda sérstaklega mikilvæga í viðskiptum í Asíu.

„Við fundum fyrir því þegar við vorum að vinna með Qingdao-höfn í þessu máli að við værum líka að vinna með stjórnvöldum. Ef stjórnvöld væru ekki með okkur í þessu hefði verið hægt að horfa framhjá öllum okkar ákvörðunum. Við höfum unnið mjög skipulega í því að rækta gott samband við yfirvöld og stjórnendateymi við höfnina. Þar hafa Ólafur Ragnar og Gunnar Snorri Gunnarsson, sendiherra Íslands í Kína, leikið stórt hlutverk. Þeir hafa opnað dyr og aðstoðað við að koma á fundum sem annars hefði ekki verið hægt að fá. Á formlegum fundum sem við eigum sitja á hliðarlínunni svona tíu embættismenn sem heyrja niðurstöðu fundarins og fá skilaboð um að vinna með Íslandi í málunum. Þetta er öðruvísi nálgun en maður fæst við í Evrópu eða Norður-Ameríku,“ segir Baldur Guðnason.

Eimskipafélag Íslands bauð blaðamanni Markaðarins til Kína til að vera viðstaddur opnun frystigeymslu félagsins í Qingdao.

EIMSKIP - AVION	
2002 október	Magnús Þorsteinsson kaupir helming í Atlanta
2003 september	Björgólfsmenn ráða yfir Eimskipi
2004 mars	Nafni Eimskipafélagsins breytt í Burðarás
2004 mars	Eimskipafélag Íslands dótturfélag Burðarás
2005 janúar	Avion Group tekur til starfa
2005 júní	Avion Group kaupir Eimskipafélagið af Burðarási
2006 nóvember	Avion Group verður Eimskipafélag Íslands
2007 ágúst	Eimskip selur Avion Aircraft Trading
2007	ABN Amro falið að selja Air Atlanta



Í FROSTINU Flestir klæddu sig í úlpu áður en farið var inn í frystiklefa þar sem 32 gráðu frostið beit í kinnar. Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, beit á jaxlinn.



STARFSFÓLK STILLTI SÉR UPP Starfsfólk frystigeymslunnar hafði myndað raðir þegar um 200 gestir mættu til að vera viðstaddir opnunina.



MARKAÐSVAKTIN

Nú einnig með dönskum, sænskum og finnskum markaðsgögnum

Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

mentis HUGBÚNAÐUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI
í 14 daga á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

Heima er best!



F3-hlaupabrautin – fyrsta hlaupabrautin sem má brjóta saman en uppfyllir jafnframt gæðakröfur Life Fitness. Hana prýðir allt sem hefur gert Life Fitness-hlaupabrautir að fyrsta vali meðal fólks sem gerir kröfur um hámarksgæði og notagildi.

Í **X5-þrekþjálfanum** sameinast afburðatækni og falleg hönnun. SelectStride, stillanleg skreflengd, gerir notanda kleift að virkja fleiri vöðva og ná þannig hámarksárangri.

Life Fitness, mest seldu líkamsræktartæki í heimi, eru af slíkum gæðum að þú getur aðeins vænst þess besta.

Life Fitness

þrekhjól, hlaupabrautir, þrekþjálfar og æfingastöðvar

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Opíð kl. 10-18 - Laugardaga 11-15

Annað Ísland í útlöndum

Fjöldi erlendra starfsmenn íslenskra fyrirtækja í útlöndum hefur rúmlega áttatíufaldast á rúmum áratug og eru þeir nú jafn margir ef ekki fleiri en allir starfandi einstaklingar hér á landi í fyrra. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* skoðaði skiptinguna eftir löndum og spjallaði við nokkra sem tengjast íslensku útrásinni.

Erlendir starfsmenn íslenskra fyrirtækja sem eru með starfsemi í útlöndum eru jafn margir öllu starfandi fólki hér á landi í fyrra, sem var 170 þúsund manns. Þróunin hefur verið hröð og átt sér stað á stuttum tíma. Hér er þá einungis átt við fyrirtæki sem skráð eru hér á landi en ekki alla þá Íslendinga og fyrirtæki, sem hafa rekstur í öðru landi.

Íslenskt fyrirtækjaumhverfi hefur gjörbreytt frá því sem áður var. Í kringum 1990 eða svo voru íslensk fyrirtæki umsvifamest innan landsteinanna og heyrði næstum til undantekninga ef fyrirtæki voru með starfsemi erlendis. Sjávarútvegsfyrirtækin, SÍF og SH, voru þar næsta einráð, með um það bil tvö þúsund starfsmenn á erlendri grund. Íslenska útrásarsprengjan, sem hófst eftir aldamótin, hefur valdið því að hlutfall erlendra starfsmanna íslenskra fyrirtækja hefur margfaldast enda halda sum fyrirtækja langstærstum hluta, ef ekki öllum, af starfsemi sinni utan landsteina.

STÖKK EFTIR EES-SAMNINGINN

Landslag íslenskra fyrirtækja tók að breytast strax árið 1991 eftir að Sovétríkin sálugu liðuðust í sundur og gömul hjáiriki fengu sjálfstæði. Nokkur fyrirtæki höfðu átt í viðskiptum þarna austur frá og urðu að leita nýrra tækifæra til að halda stöðunni. Önnur fyrir-

tækja og einstaklingar komu hins vegar auga á fjölda tækifæra í nýfrjálsu ríkjunum, ekki síst við Eyrstrasalt.

Íslenskt atvinnulíf tók svo gjörbreytingum í kjölfar gildistöku EES-fríverslunarsamningsins árið 1994. Við það opnuðust fyrirtækjum og athafnafólki dyr að 28 aðildarríkjum ESB og frjálst flæði fólks, fjármagns, vöru og þjónustu varð einfaldara í vöfum héðan og til meginlands Evrópu.

Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Útflutningsráðs, segir þróunina hafa gerst með ótrúlegum hraða og sé næsta ómögulegt að gera sér grein fyrir því hversu margir erlendir starfsmenn heyri undir íslensk fyrirtæki á erlendri grund. Jón segir það koma sér einna helsta á óvart hversu stóru hlutfalli af þjóðartekjum íslenskrar fyrirtæki verji í fjárfestingar erlendis: „Fjárfestingar innlendra fyrirtækja erlendis námu 42 prósentum af þjóðartekjum í fyrra, en það er langhæsta hlutfallið í samanburði við aðrar þjóðir,“ segir Jón og bendir á að Hollendingar hafi varið næstmestu fjármagni, eða fjórtán prósentum af þjóðartekjum. Jón bendir sömuleiðis á að rúmlega eitt prósent af heildarfjárfestingum erlendis í heiminum í fyrra hafi átt rætur að rekja til íslenskra fyrirtækja en það sýni hversu öflug íslenska útrásin sé í raun. „Við erum jú bara þjóð sem telur þrjú hundruð þúsund manns,“ segir hann.

BAUGUR UMSVIFAMESTUR

Langstærstur hluti erlendra starfsmanna vinnur við verslunar- og framleiðslustörf í Bretlandi, á Norðurlöndunum og í Eyrstrasaltsríkjunum en sérhæfðara starfsfólk, svo sem í fjármála- og hugbúnaðargeiranum, er í miklum minnihluta.

Flestir eru starfsmennirnir á Bretlands-eyjum, eða um áttatíu þúsund. Á eftir fylgja Bandaríkin og Kanada en þar eru um tíu þúsund starfsmenn Eimskips, Össurar, Promens, Marels og Icelandic Group, auk fleiri fyrirtækja. Þetta er álíka starfsmannafjöldi og hjá íslenskum fyrirtækjum á Norðurlöndunum og í Eyrstrasaltsríkjunum. Margir starfa sömuleiðis hjá íslenskum fyrirtækjum í Frakklandi á vegum Alfesca og Icelandic Group auk þess sem Promens, Össur og fleiri íslensk fyrirtæki eru þar með um fjögur þúsund starfsmenn. Mun færri starfsmenn eru í öðrum löndum á meginlandi Evrópu að Búlgaríu undanskilinni; þar starfa þúsundir manna undir merkjum Actavis.

Fyrirtækin eru sum hver með starfsemi allt suður í norðanverða Afríku, í Suður-Afríku, í Víetnam og Ástralíu og yrði vafalaust einfaldara að telja upp, hvar í heiminum íslensk fyrirtæki eru ekki með starfsemi.

Baugur er langumsvifamesta fyrirtækið erlendis með 67 þúsund starfsmenn á launskrá, ýmist í gegnum eigin fjárfestingar eða með öðrum, svo sem FL Group og fjárfestingarfélaginu Unity. Flestir starfsmannanna vinna við verslun í Bretlandi, Danmörku og á hinum Norðurlöndunum.

Bakkavör er annar umsvifamesti íslenski atvinnurekandinn á erlendri grund en tuttugu þúsund erlendir starfsmenn vinna hjá fyrirtækinu, flestir í Bretlandi og í sex öðrum löndum, svo sem í Kína.

Kína kemur sömuleiðis við sögu hjá þriðja

umsvifamesta fyrirtækjainu, Eimskipi, en fyrirtækið festi sér stærstu frystivörugæmsluna þar í landi fyrr á árinu og innsiglaði viðskiptin um síðustu helgi. Flestir erlendir starfsmenn Eimskips, eða 8.500 talsins, eru hins vegar komnir undir fyrirtækjahattinn með kaupum á kæli- og frystivörugæmslufyrirtækjunum Atlas Cold Storage og Versacold í Bandaríkjunum og Kanada fyrr á árinu.

Actavis rekur svo lestina yfir íslensku risana fjóra á erlendum vettvangi, með tæplega ellefu þúsund starfsmenn í þrjátíu löndum. Flestir eru þeir í Búlgaríu, eða þrjú þúsund.

Athygli vekur að starfsmennirnir eru allir tilkomnir í gegnum kaup á fyrirtækjum sem voru í rekstri áður en fyrirtækin komu að þeim. Rekstur þeirra var traustur í flestum tilvikum en í nokkrum þeirra var skurkur gerður í stjórnendamálum og unnið að því að koma rekstrinum á réttan kjöl. Fyrirtækjakaupin hafa svo gert íslensku fyrirtækjunum kleift að vaxa hraðar á erlendum vettvangi en ella.

Starfsmönnum íslensku fyrirtækjanna erlendis fækkar talsvert eftir því sem stærftin verða sérhæfðari. Starfsmenn stærstu ferðaskrifstofanna eru þar undantekning en 2.200 manns starfa undir merkjum Northern Travel Holding hjá Sterling Airlines og Hekla Travel á Norðurlöndunum. Félagið á auk þess helmingshlut í breska flugfélaginu Astreus.

Fjöldi erlendra starfsmanna bankanna er merki um fækkun í kjölfar sérhæfingar enda eru þeir langtum færri en vinna við verslun og framleiðslu. Kaupþing trónir á toppi bankanna með 2.500 erlenda starfsmenn á launskrá í útlöndum. Þar af eru alls sjö hundruð sem bættust við með kaupunum á hollenska

FIMM STÆRSTU

Fyrirtæki	Starfsmannafjöldi
Baugur	67.000
Bakkavör	20.000
Eimskip	14.000
Actavis	11.000
Nordic Partners	7-8.000

1.000 TIL 10.000 STARFSMENN

Fyrirtæki	Starfsmannafjöldi
Promens	5.800
Icelandic Group	4.600
Alfesca	3.500
Kaupþing	2.500
Norvik	2.500
Northern Travel Holding	2.200
Marel	1.500
Össur	1.300
Penninn	1.200
Primera Group	1.200
Landsbankinn	1.000
Glitnir	1.000

INNAN VIÐ 1.000 ERLENDIR STARFSMENN

Fyrirtæki	Starfsmannafjöldi
Samskip	700
Síminn*	515
Apple*	200

* Erlendir starfsmenn fyrirtækisins á Norðurlöndunum.



JÓN ÁSBERGSSON
Framkvæmdastjóri Útflutningsráðs segir íslensk fyrirtæki hafa verið ósmeyk við að vaxa utan landsteinanna. „Það hafði enginn sagt þeim að þetta væri ekki hægt,“ segir hann.

MARKAÐURINN/PIJETUR



Reyklosunarbúnaður

Sjálfvirkur búnaður til reyklosunar og til daglegrar loftræstingar.
Heildarlausn frá COLT fyrir öll hús, álver, tónlistarhús, bílastæðahús,
verslunarmiðstöðvar, gripahús og íbúðarhús.

COLT

Ál er okkar mál

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is



bezocke11

skrifstofan

MIÐVIKUDAGUR 10. OKTÓBER 2007



Kostir og gallar við
opið vinnurými
Miklu skiptir um hvernig
vinnustað er að ræða þegar
metið er hvort opið vinnu-
rými henti starfsemi. **BLS. 4**



FRETTAHLADI/ANTON BRINK

Kerfisloft

Glæsileiki og einstök hljóðvist. Lausnir sem henta alsstaðar
þar sem gerðar eru hámarkskröfur um útlit og hljóðvist.

Ecophon®

Ál er okkar mál

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is



bezocke11

Plöntur lífga upp á skrifstofuna og þær veita orku og líf.



Huggulegt í vinnunni

Hér á eftir eru talin upp nokkur atriði sem þarf að hafa í huga þegar þú ætlar að útbúa vinnusvæði sem þér líður vel í og gefur öðrum þá mynd að þú sért mikilvægur og afkastamikill starfsmaður.

● **YFIRSÝN.** Ef þú sérð ekki innanganginn á skrifstofunni þinni skaltu færa þig eða setja spegil við borðið þitt þannig að þú sjáir hann.

● **SKIPULAG.** Hafðu borðið þitt hreint og snyrtilegt. Hafðu nýjstu verkefni þín skipulögð í bakka á borðinu þínu en annað sem þú notar sjaldnar ofan í skúffu.

● **PLÖNTUR.** Plöntur lífga upp á skrifstofuna og þær veita orku og líf, auk þess sem þær taka til sín mengun úr andrúmsloftinu. Rannsóknir hafa jafnvel sýnt að plöntur draga úr stressi og auka framleiðslu og einbeitingu.

● **LÝSING.** Góð lýsing dregur úr álagi á augun, eykur orku og lyftir upp skapinu. Ef þú ert að vinna undir flúorljósi skaltu athuga hvort þú getir ekki skipt þeim út fyrir þægilegri lýsingu.

● **NÁTTÚRAN INN.** Sumar skrifstofur eru gluggalaugar þannig að tilvalið er að ramma inn fallegar landslagsmyndir eða myndir af trjám og sólskini.

● **EKKERT „KITSCH“.** Skildu mjúkdýrin og föndrið eftir heima. Hafðu í huga að þú ert í vinnunni, og flottur heftari eða stór vasi eða innrömmuð mynd hentar mun betur.

● **MYNDIR.** Settu myndir af fjölskyldunni, vinum þínum eða gæluþyrri í ramma. Forðastu að hafa myndirnar of persónulegar eða myndir af þér að drekka með félögum.



Hesturinn hefur vakið mikla lukku hjá Jónsson&Le'Macks en er nú á förum fljótlega til að sameinast stóði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ranghalar á sex hæðum á Vesturgötunni

Jónsson&Le'Macks heldur til í heimilislegu umhverfi á Vesturgötunni með hest í glugganum og fagurgrænt herbergi í kjallaranum.

Þegar auglýsingafyrirtækið Jónsson&Le'Macks flutti á Vesturgötu 10 í ársbyrjum 2006 voru starfsmenn þrettán talsins. Á einu ári hefur þeim fjölgað í þrjátíu og fermetrarnir eru orðnir samtals 530.

„Við höldum til í tveimur húsum, hið stærra er á fjórum hæðum, fjögur hundruð fermetrar og frá árinu 1920. Minna húsið er á tveimur hæðum um 130 fermetrar og frá árinu 1900. Við opnuðum á milli húsanna svo þetta eru svona ranghalar á sex hæðum með miklum heimilisbrag. Aftur á móti getur stundum verið erfitt að vita hvar fólk er niður komið í húsinu,“ segir Sara Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Jónsson&Le'Macks sem er alhliða auglýsingafyrirtæki fyrir prentmiðla, útlarp og sjónvarp og hefur verið starfrækt frá 2003.

Flestir sem leggja leið sína upp Vesturgötuna í Reykjavík kannast við fyrirtækið enda ekki margir með húsdýr í fullri stærð út í glugga. „Við erum nýbúin að selja hestinn þótt við séum voða hrifin af honum. Hann fór að poppa upp



Græna herbergið var málað í þessum hressilega lit til að lífga upp á fundi í kjallaranum og minnir starfsmenn oft á golfhermni.

úti um allan bæ svo við ætlum að leyfa honum að vera í stóði einhvers staðar annars staðar,“ segir Sara og á þá við svartan hest í fullri stærð sem er líka lampi. Hesturinn er frá hönnuartyymi sem kallar sig Moooi og gerði einnig loftljósi anddyri fyrirtækisins og stóla í fagurgrænu fundarherbergi í kjallara hússins.

„Við grinumst oft með fundarherbergið í kjallaranum og köllum það golfherminn,“ segir Sara hlæjandi og heldur áfram: „Þetta var hvítt, grátt og gluggalaust herbergi þegar einn af hönnuðunum kom með þessa tillögu. Það er tvímælalaust skemmtilegra að halda fundi þarna núna og vinna með hugmyndir.“

Á efstu hæð hússins er síðan annað fundarherbergi fyrir óformlegri fundi á kósí-nótunum. „Við erum með sófa, púða og frekar afslappaða stemningu uppi

í risi. Þar er gott að leika sér að hugmyndum og halda afslappaðri fundi,“ segir Sara, sem bætir við að öll hönnun á skrifstofunni sé hugarfóstur starfsmanna. „Við höfum öll komið með tillögur að þessu umhverfi en samt er það oft þannig að hönnuðir og annað skapandi fólk gleymir eigin umhverfi. Við höfum samt oft tekið hressilegar rispur hérna innanhúss og það fer mjög vel um okkur hérna,“ segir Sara og bætir við að staðsetningin hafi ráðið mestu. „Við erum nánast öll frekar miklar miðbæjarrottur og búum flest í göngufæri við vinnuna. Síðan er líka mjög skemmtilegt að vera hérna niðri í bæ, þó að skortur á bílastæðum sé okkar helsti óvinur. Svo er aldrei að vita nema við sprengjum utan af okkur og þurfum að stækka frekar við okkur í framtíðinni,“ segir Sara.

rh@frettabladid.is

Hawa Gler-rennibrautir

Hawa Junior 80 eru glæsilegar rennibrautir fyrir 8-10-12 mm hert gler eða timburhurðir. Eigum einnig rennibrautir frá **GEZE** fyrir skápa og tréhurðir.

Útvegum hert gler eftir máli..



JÄRN & GLER Járn & Gler ehf. - Skútvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík S: 58 58 900. www.jarngler.is

Magnaða moppuskaftið

Dagar skúringafötunnar eru taldir



Alltaf tilbúið til notkunar
Gólf þorna á augabragði
Fljótlegt og þægilegt



Sölustaðir:

Húsasmíðjan - Byko - Pottar og prik Akureyri - Áfangar Keflavík - Fjarðarkaup - Parket og gólf - Eyjatölvur - Miðstöðin Vestmannaeyjum - Litabúðin Ólafsvík - Skipavík Stykkishólmi - Rými - SR byggingavörur Siglufirði - Rafsjá Sauðárkróki - Nesbakk Neskaupsstað - Núpur Ísafirði - Vélaleiga Húsavíkur. Heildsöludreifing: Ræstivörur ehf.



Kaffið er nauðsynlegt hjá Jónsson&Le'Macks og sumar könnurnar minna á innblásturinn sem kemur að mestu frá samstarfsfólkinu að sögn Söru.



Vinyldúkar
Dúkaflísar
Linoleum

DÚKAR

GÓLFEFNI VIÐ HÆFI

Gólfefni - Teppaland býður heimilum, fyrirtækjum og stofnunum vandaða línu gólfefna ásamt faglegri ráðgjöf við val þeirra og lagningu.



Ármúla 18 • 108 Reykjavík • Sími 515 9800



Viðargólf
Plastparket

PARKET



Velkomin í verslun okkar í Ármúla 18 að velja gólfefni að þínu skapi.

Gólfteppi
Kókos- og sísalteppi
Teppaflísar

TEPPI

Bæði kostir og gallar við opið vinnurými

Þær Herdís Björnsdóttir og Hafdís Gerður Gísladóttir gerðu BA-ritgerð í félagsráðgjöf um upplifun starfsfólks gagnvart því að starfa í opnu vinnurými þar sem unnið er með trúnað og trúnaðarupplýsingar. Herdís segir miklu skipta að meta hvernig vinnustað er um að ræða og hvort opið rými henti þeirri starfsemi sem þar fer fram.

„Við vorum báðar namar í félagsráðgjöf á Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts þar sem er opið vinnurými og það voru starfsþjálfunarkennarar okkar tveir sem bentu okkur á að kanna nánar muninn á því að vinna í opnu eða lokuðu rými. Það var nefnilega nýtt að vera að vinna með trúnaðarupplýsingar í svona opnu rými,“ segir Herdís Björnsdóttir félagsráðgjafi.

„Við byrjuðum á að gera könnun á þessu og gerðum síðar BA-ritgerð um upplifun starfsfólks á því að vinna í opnu vinnurými. Við skoðuðum fyrri rannsóknir á þessu sem voru mjög takmarkaðar og einnig hvort til væru lög sem fjalla sérstaklega um opið vinnurými en þau voru ekki til staðar.“

Spurð hvernig það komi út að vinna með trúnaðarupplýsingar í opnu rými segir Herdís að fólk sé almennt ekki hrifið af því. „Það getur oft verið óþægilegt að fjalla um viðkvæmar upplýsingar þar sem margir heyra til. Þá hefur opna vinnurýmið áhrif á einbeitingu. Fólk verður fyrir miklu áreiti, bæði hljóð- og sjónáreiti. Fólk heyrir símtöl hvers annars og oft er þar verið að ræða mál sem ekki er æskilegt að hver sem er heyri. Þetta er líka verri aðstaða fyrir hugmyndavinnu.“

Hún segir kostina við opin rými hins vegar vera



Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á kostum og göllum opins og lokaðs vinnurýmis.

ýmsa. „Það er sveigjanleiki í nýtingu rýmis og einnig má koma fleirum fyrir. Þetta getur stuðlað að meiri samskiptum milli starfsfólks. Meginniðurstaða okkar er sú að opið rými henti ekki á stöðum þar sem unnið er með trúnaðarupplýsingar en getur hentað vel á ýmsum öðrum vinnustöðum.“

hnefill@frettabladi.is

Fáðu þér sæti

Skrifborðsstóllinn er mikilvægur hluti af starfsumhverfi margra. Góður stóll getur gert vinnuna ánægjulegri líkt og vondur stóll getur gert vinnudaginn langan og óþægilegan.

Mikilvægt er að hægt sé að stilla stólana þannig að þeir henti hverjum og einum. Hæð þarf að stilla til að passa við hæð skrifborðsins og bakið þarf að styðja vel við bak og mjóhrygg. Hér eru nokkur dæmi um stóla sem fást hér í borginni.



Alu Basic skrifborðsstóllinn er framleiddur hjá Topstar-verksmiðjunum í Þýskalandi. Honum fylgir þriggja ára ábyrgð, fæst í Hirzlunni og kostar 32.600 krónur.



JOAKIM snúningsstóll frá Ikea. Gaspumpa er í sæti þannig að hægt er að stilla hæðina. Þegar þú hallar þér aftur rennur sætið fram þannig að setstaðan verði sem þægilegust. Armar fylgja með sem minnkar álag á handleggji og axlir. 16.950 krónur.



Axis hefur framleitt skrifstofuhúsgögn í fjölda ára. Þróun skrifstofustólanna er í þá átt að gera þá sífellt vistvænni. Þannig er orðið hægt að stilla stólana á marga vegu til að aðlaga þá hverjum og einum. Nýlega var kynntur til sögunnar stóllinn ON. Við hönnun hans hefur verið lögð áhersla á glæsileika og að hafa hann eins vistvænan og kostur er. Stóllinn kostar 121.850 krónur en er á kynningarafslætti á 97.480 krónur.



Capisco-hnakkstóllinn er þekktur stóll og margverðlaunaður. Hann var hannaður af Peter Opsvik fyrir tuttugu árum en Opsvik er þekktur fyrir að fara ótrúðnar slóðir við hönnun stóla. Capisco-stóllinn hvetur fólk til að sitja í réttri stöðu við vinnu eða leik. 78.200 krónur.



HÁG-stólarnir frá EG skrifstofuhúsgögnum hvetja til hreyfingar meðan setið er og eru með tíu ára ábyrgð. H09-stóllinn sem hér sést er hannaður af Sven Asbjörnsen vinnur með notandum og fylgir hverri hreyfingu hans, armar, seta og bak eru stillanleg og nýtist stóllinn því jafnt stórum sem smáum einstaklingum. 99.900 krónur.



ÖNNUMST ALLA FLUTNINGA

Hraði - Öryggi - Þjónusta

AFGREIÐSLA SAUÐÁRKRÓKI ☎ 455 6600

AFGREIÐSLA BLÖNDUÓSI ☎ 455 6606

AFGREIÐSLA HVAMMSTANGA ☎ 455 2325

Afgreiðslur í Reykjavík og á Akureyri:
Landflutningar/Samskip og Eimskip/Flytjandi

VÖRUMIÐLUN
SAUÐÁRKRÓKI

Eyrarvegi 1 550 Sauðárkrúkur Sími 455 6600


LÓÐIR FYRIR ATVINNUHÚSNÆÐI

Ístak byggir húsnæði sem hæfir fyrirtækinu þínu

Ístak býður nú glæsilegt athafnaland fyrir framsækin fyrirtæki að Tungumelum í Mosfellsbæ. Landið hentar sérlega vel fyrir þjónustu- og verslunarstarfsemi, léttan iðnað og hátækni- og vísindastarfsemi. Skipulag þess er nútímalegt og frjálst. Lóðir eru stórar eða frá 3.900 til 15.200 m². Byggingar á þeim geta verið frá 1.160 til 4.600 m². Unnt verður að reisa stærri byggingar með sameiningu lóða. Annar áfangi athafnalandsins er í vinnslu. Þar er gert ráð fyrir enn stærri lóðum.

Tungumelar eru austan við Vesturlandsveg við rætur Mosfells í fögru umhverfi milli Köldukvíslar og Leirvogsár. Landið liggur vel við samgönguleiðum og framtíðarskipulagi þeirra, auk þess sem stutt er í alla þjónustu. Óspillt náttúra er einnig skammt undan og því ríkulegir möguleikar til útivistar.

Nánari upplýsingar um Tungumela er að finna á www.tungumelar.is. Tekið er við fyrirspurnum hjá Ístaki í síma 530 2700 og netfanginu tungumelar@istak.is.



ÍSTAK

Tungumelar

ATHAFNALAND

● **SÖGUBROT** Áður en strokleðrið kom til sögunnar var hvítt brauð notað til þess að þurrka út blýantsstrik og kol, og listamenn sem vinna með kol nota það jafnvel enn þann dag í dag. Heiðurinn að fyrsta strokleðrinu á enski verkfræðingurinn Edward Naime, sem fyrir tilviljun notaði gúmmí í stað brauðs til að þurrka út blýantsstrik. Í kjölfarið fór hann að selja strokleður dýrum dómum árið 1770.

En eins og brauðið þá skemmist gúmmíð fljótlega, sem varð til þess að Charles Goodyear fann aðferð, árið 1839, til að herða gúmmíð og láta það endast.



Blýantar höfðu verið lengi í notkun áður en hannaður var sérstakur búnaður til að ydda þá. Yfirleitt notuðust menn við hnífa til að ydda þá. Bernard Lassimone, franskur stærðfræðingur, sótti um einkaleyfi á yddara árið 1828 fyrstur manna. Yddarinn eins og hann þekktist í dag varð til árið 1847, og var það Therry des Est-waux sem bjó hann til.

Tilbreyting eykur þægindin

Einhæfar vinnustellningar geta farið illa með skrokkinn. Því er fengur að skrifborðum sem hægt er að hækka og lækka. Það finnst að minnsta kosti Soffíu Bragadóttur, skrifstofustjóra hjá Landsbankanum í Holtagörðum.

„Ég stend yfirleitt við vinnu mína á morgnana áður en traffíkin byrjar fyrir alvöru og svo aftur eftir að við erum búnin að loka. Mér finnst það miklu þægilegra heldur en sitja allan daginn og ég verð ekki eins þreytt,“ segir Soffía. Oftast kveðst hún samt sitja þegar hún afgreiðir viðskiptavinum. „Stundum tek ég standandi á móti fólki á morgnana. Þá spyr ég það hvort því þyki það verra en það tekur því almennt vel enda hækkar afgreiðsluborðið líka,“ segir hún.

Til að breyta hæð borðsins styður Soffía á takka við hlið sér. Tölv-an færir sig með. „Þegar ég stend við borðið er tölv-an akkúrat í augnhæð en þegar ég sit horfi ég aðeins niður á hana. Að því leyti er þægilegra að standa. Borðið er U-laga og þegar ég sit er ég alltaf að snúa stólnum en þegar ég stend stíg ég eitt skref ýmist til vinstri eða hægri þannig að smá hreyfing kemur á líkamann,“ segir Soffía, sem einnig kveðst stundum hækka borðið og lækka lítillega þó hún sitji því tilbreytingin auki þægindin.

Soffía segir flesta á hennar



Oftast tekur Soffía sitjandi á móti viðskiptavinum.

vinnustað vera með eins borð og hún en fáir nýti sér möguleikana sem það býr yfir. Þó geti hver og einn haft borðið í sinni hæð. „Við erum bara tvær sem stöndum að staðaldri við vinnuna og erum alltaf að útmála hversu notalegt það sé. Mágkona mín sem er gjaldkeri hjá stórfyrirtæki býr við sömu tækni og notar sér hana mjög mikið en hún er sú eina á sínum vinnustað. Annað hvort á fólk eftir að átta sig á því hversu mikil þægindi eru fólgin í að standa við vinnuna af og til eða að við erum svona skrítnar,“ segir Soffía hlæjandi. „Ég mundi ekki vilja tapa svona borði fyrir nokkurn mun. Það er alger lúxus.“

gun@frettabladid.is



Soffía kveðst ekki fyrir nokkurn mun vilja missa möguleikann á að geta staðið við vinnuna stund og stund.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



Gæði glersins skipta öllu máli


Með notkun **Suncool™ HP** gæðaglers frá Glerborg er auðvelt að halda kjörhita innandyra og hitaútspreymið er lítið.

GLERBORG

De Dietrich


FULLKOMINN GLÆSILEIKI!

Luxus í sérstökki

GLÆSILEG **ESPRESSO KAFFIVÉL** 
INNBYGGÐ KVÖRN
2.5 LÍTRA VATNSTANKUR
1 EÐA 2 BOLLAR Í EINU
HRÖÐ, MEDAL, HÆG STILLING Á KAFFIBRUGGUN
RAFEINDASTÝRING
ÖFLUG VÉL FYRIR KAFFIUNNENDUR

**SPANSUÐU- OG
GLERHELLUBORÐ
Í ÚRVALI**



EINN FULLKOMNASTI OFNINN Á MARKAÐINUM 
MEÐ ICS (INTELLIGENT COOKING SYSTEM)
ALSJÁLFVIRKT MATREIÐSLUKERFI
HRÆÐHITUN Á OFNI, BIOGRILL, HALOGENLJÓS Í OFNI
ALSJÁLFVIRK LYKTEYÐANDI LOFTHREINSUN
PYROLYSE HREINSIKERFI MEÐ RAFEINDASKYNNJURUM
ÞETTA ER OFNINN FYRIR MATGÆÐINGA



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



MOSFELL

KERTO LÍMTRÉ

Finnsk gæðavara

Létt og meðfærileg

Hátt brunapól

Hæð eftir óskum

Lengd allt að 23 m.

Alltaf til á lager

16% meira eldþol

20% meira brotþol



Söluaðilar um allt land



KERTO LÍMTRÉ býður upp á ýmsa möguleika.

KERTO LÍMTRÉ er frá Finnlandi og hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1981.


KERTO LÍMTRÉ er það hagkvæmasta og besta sem notað er sem burðarbitar.

KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni í burðarvirki þar sem þaksperrur fara yfir 5 metra í lengd, þá er notað KERTO LÍMTRÉ í stað hefðbundinna þaksperra og losnað við burðarbita og súlur.

Einnig er KERTO notað í milliveggjastoðir.

KERTO LÍMTRÉ, eitt það besta í tré, til nýbygginga og viðhalds.

m



- | | |
|---|---|
|  Actavis |  MP Fjárfestingarbanki |
|  Alfesca |  Nordic Partners |
|  Apple |  Northern Travel Holding |
|  Bakkavör |  Norvik |
|  Baugur Group |  Penninn |
|  Eimskip |  Primera Group |
|  Glitnir |  Promens |
|  Icelandic Group |  Samskip |
|  Kaupþing |  Síminn |
|  Landsbankinn |  Össur |
|  Marel | |

bankanum NIBC fyrir um tveimur mánuðum. Landsbankinn og Glitnir hafa svo rétt rúmlega helmingi færri starfsmenn á launaskrá erlendis hjá starfsstöðvum bankanna í Bretlandi og í Noregi.

Líkt og vöxtur Kaupþings sýnir þá fjölgar erlendu starfsfólki íslensku fyrirtækjanna hratt, eða svo til í viku hverri, líkt og sannaðist í síðustu viku þegar bæði Bakkavör og Promens tilkynntu um fyrirtækjakaup í Bretlandi og á Spáni. Við það fjölgaði starfsfólki fyrirtækjanna um 148.

NAUÐSYNLEGT AÐ VAXA ERLENDIS

En hvað skýrir þennan hraða vöxt íslenskra fyrirtækja á alþjóðavettvangi? Jón Ásbergsson telur eðlilegustu skýringuna á útrásarþörf íslenskra fyrirtækja felast í smæð íslensku markaðarins: „Þegar fyrirtæki ná árangri hér heima verða þau fljót að tæma möguleikana. Þau geta ekki flutt sig yfir í næstu borg eins og menn gera í stærri löndum og verða að leita út fyrir landamærin,“ segir hann og bætir við að íslensku fyrirtækin hafi bókstaflega orðið að leita út fyrir landsteinana

til að viðhalda vexti sínum. Það hafi þau gert óhikað og oftast en ekki uppskorið vel fyrir vikið. „Það hafði enginn sagt þeim [fyrirtækjunum] að þetta væri ekki hægt,“ segir Jón Ásbergsson.

Handan járntjaldsins

Nokkur íslensk fyrirtæki námu land í Eystrasaltsríkjunum í kjölfar sjálfstæðis þeirra frá Rússlandi árið 1991 og hafa komið sér þar ágætlega fyrir. Fleiri hafa svo bæst í hópinn síðustu ár, svo sem MP Fjárfestingarbanki og Penninn. Nokkur fyrirtækjanna hafa nú þegar, eða stefna að, frekara landnáms í austurvegi.

Nordic Partners hóf fjárfestingar í Lettlandi árið 1997 og er nú umsvifamesta íslenska fyrirtækið í Eystrasaltslöndunum og Póllandi með á bilinu sjö til átta þúsund starfsmenn. Líkt og fram kom í viðtali við Gísla Reynisson, forstjóra Nordic Partners, í Markaðnum fyrir nokkru, þá sá hann mikla möguleika í löndum við Eystrasalt, ekki síst hjá fólkinu sem kappkostaði að koma sér undan klafa Sovétarána. Fyrirtækið er nú að hugsa sér til hreyfings og hefur fjárfest lítilliga í öðru fyrrverandi austantjaldsríki. Ekki

hefur fengist gefið upp hvaða land það er.

Jón Helgi Guðmundsson, kenndur við Byko, hefur lengi átt í viðskiptum í Eystrasaltsríkjunum og í Rússlandi, og hóf beinar fjárfestingar þar um 1992. Félag hans, Norvik, hefur aðallega fjárfest í timburvinnslu í Lettlandi og Eistlandi en á að auki verksmiðjur í Bretlandi. Þá rekur félagið Norvik Bank í Lettlandi, sem á systurfyrirtæki í Armeníu og útíbú í Moskvu. Erlendir starfsmenn fyrirtækisins eru 2.500 talsins, þar af 1.800 í Lettlandi og 500 í Rússlandi. Líkt og fleiri íslensk félög horfir Norvik til landnáms í fleiri fyrrverandi austantjaldslöndum, svo sem í Úkraínu. Fleiri fyrirtæki hafa komið sér þar fyrir, til dæmis MP Fjárfestingabanki, og má gera ráð fyrir að þeim fjölgi á næstu árum.

Jón Helgi hafði um árabil átt í viðskiptum við Sovétríkin



JÓN HELGI GUÐMUNDSSON
Félag Jóns, Norvik, hefur fjárfest í Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum frá því snemma á tíunda áratug síðustu aldar.
MARKAÐURINN/HEIDA

í gegnum Byko. Þegar þau liðu undir lok í enda árs 1991 varð hann að leita nýrra tækifæra í Eystrasaltsríkjunum. Það lagði grunninn að fjárfestingum Norvik þar: „Við töldum mjög líklegt að tækifærin myndu gefast í þessu umhverfi,“ segir hann.

Umsvifamesti atvinnurekandinn

Baugur Group trónir á toppnum yfir umsvifamesta íslenska fyrirtækið með langflesta erlenda starfsmenn á launaskrá á erlendri grund. Útrás fyrirtækisins hófst líkt og frægt er orðið með verslanarekstri í samstarfi við Arcadia og Debenhams á Norðurlöndunum um árið 2000 og hefur vaxið mikið síðan, ekki síst síðastliðin fimm ár með viðamiklum kaupum í Bretlandi og Danmörku.

Innan eignasafnsins er þar á meðal matvörukeðjan Iceland og verslanakeðjurnar House of Fraser, Karen Millen og Whistles, sem félagið á ráðandi hlut í með nokkrum aðilum, til dæmis í gegnum fjárfestingafélagið Unity sem FL Group og breski fjárfestirinn Kevin Stanford eiga hlut í.

„Við erum mjög ánægð með stöðuna eins og hún er í dag og horfum björtum augum



GUNNAR SIGURÐSSON Forstjóri Baugs Group er ánægður með gengi félagsins á erlendum vettvangi sem hefur aukist mjög síðastliðin ár.

til framtíðar,“ segir Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs Group.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Ólík sýn á lögbundið hlutverk Seðlabanka Íslands:

Leiðir til að láta stýrivexti bíta betur

Björgvin Guðmundsson

Tveir mikilvægir þátttakendur í íslensku efnahagslífi fjölluðu um peningamálastefnu Seðlabankans í liðinni viku.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sagði stjórn samtakanna vilja herða baráttuna fyrir breytingum á peningastefnunni þar sem viðurkenndur yrði vanmáttur núverandi stefnu til þess að vinna gegn verðbólgu þrátt fyrir miklar fórnir atvinnulífsins. Í staðinn yrðu farnar aðrar leiðir og hagfelldari fyrir atvinnulífið, en síst áhrifaminni til þess að vinna gegn verðbólgu.

Framkvæmdastjóri setur fram þessa kröfu í kjölfar stjórnarfundar SA. Ekki hefur enn fengist botn í það hverju í lögum um Seðlabanka Ísland samtökin vilja nákvæmlega breyta. Er ekki kominn tími til þess hjá þessum ábyrga félagsskap?

Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri flutti athyglisverða ræðu um þetta efni í Háskólanum á Akureyri fyrir viku. Hann sagði enga leið til að hverfa aftur til fastgengisstefnu. Hún gæti ekki orðið trúverðug í reynd og því útilokað nema á ný yrðu tekin upp gjald-eyrishöft. Varla vilja Samtök atvinnulífsins það?

Ingimundur sagði líka að eðlilegt væri að húsnæðisliðurinn væri inni í mælingum á verðbólgu, sem Samtök atvinnulífsins hafa gagnrýnt. Afborganir af húsnæði endurspegluðu mikilvægan hluta af framfærslu heimilanna. Vísitala neysluverðs verður að mæla raunverulegan kostnað fjölskyldna í landinu en ekki einhvern tilbúinn veruleika Samtaka atvinnulífsins.

„Stýrivöxtum verður ekki beitt til þess að ná öðrum markmiðum en um verðbólgu. Því er tilgangslausn að setja peningastefnunni einhver önnur markmið nema því aðeins að hverfa ætti frá markmiðinu um stöðugt verðlag, sem væri sérstaklega óráðlegt,“ sagði Ingimundur.

Hvaða aðra leið eru Samtök atvinnulífsins að ræða um, sem er ekki síst áhrifaminni til þess að vinna gegn verðbólgu?

Á það verður að horfa að Seðlabankinn er að ná árangri í viðureign sinni við verðbólguna. Strangt peningalegt aðhald hefur haft áhrif. Það er forsenda þess að hægt sé að lækka stýrivexti, sem ætti svo að leiða til gengislækkunar krónunnar.

Ef gagnrýna á Seðlabankann má segja að of seint hafi verið brugðist við með hækkun stýrivaxta. Haustið 2005 var til dæmis spurt hvort peningamálastefna Seðlabankans hefði farið í sumarfrí. Það var réttmæt spurning.

Sem betur fer átta talsmenn Samtaka atvinnulífsins sig á því að allt tal um upptöku evru er engin lausn á þeim vanda sem mörg fyrirtæki glíma við í dag. Samtökin eiga að beita sér fyrir því sem hefur raunverulega áhrif á verðbólguvæntingar svo jafnvægi megi nást í efnahagslífinu.

Ingimundur bendir sjálfur á að meira aðhalds hefði verið þörf í fjármálum hins opinbera. Sérstaklega þarf að ítreka það nú í fjárlagumræðunni á Alþingi.

En seðlabankastjóri bendir líka á að starfsemi Íbúðalánasjóðs, sem njóti ríkisábyrgðar, hafi dregið úr áhrifum vaxtahækkana bankans. Alþjóðastofnanir hafi hvatt til breytinga á þessu skipulagi.

Nú er tækifæri fyrir Samtök atvinnulífsins, þingmenn Samfylkingarinnar og aðra sem hafa gagnrýnt hávaxtastefnu Seðlabankans að beita sér í þessum efnahagslífinu svo stýrivextirnir bíti betur.

bjorgvin@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

MARKAÐURINN
Einfalt
mál
með Fréttablaðinu
alla miðvikudaga



Verkalýðshreyfingin, skattarnir og evran

ORD Í BELG

Ólafur Ísleifsson
lektor við
viðskiptadeild
Háskólans í
Reykjavík.



Frá þingi Starfsgreinasambands Íslands í liðinni viku komu skýr skilaboð inn í komandi kjaraviðræður, þar sem sett er á oddinn krafa um hækkun lægstu launa. Auk þess tók þingið afdráttarlausu afstöðu með því að kostir og gallar aðildar að Evrópusambandinu yrðu kannaðir.

Taka má undir með kröfu Starfsgreinasambandsins að samfélagið allt sýni sömu ábyrgð og launafólk hefur verið krafðið um. Skiljanlegar eru áherslur sambandsins um að ekki standist að launafólk beri eitt ábyrgðina á stöðugleikanum.

Í ályktun þingsins um ESB og evru segir að ávinningurinn af upptöku evru væri, ef vel tækist til, aukinn efnahagslegur stöðugleiki, lægra vöruverð, lægri vextir og minni viðskiptakostnaður. Helstu hættur fælust í því að landið myndi afsala sér sjálfstæðri stjórn peningamála. Segir í ályktuninni að við slíkar aðstæður gæti kreppa samhliða mistökum í hagstjórn leitt til mikils atvinnuleysis og í uppsveiflu gæti verðbólga orðið enn meiri en ella.

Starfsgreinasambandið hefur 55 þúsund félagsmenn í verkalýðsfélögum um land allt innan sinna vébanda og reynslan sýnir að stefnumótun þess gefur glöggt til kynna áherslur verkalýðshreyfingarinnar í heild sinni.

Verkalýðshreyfingin ber ásamt viðsemjendum sínum ábyrgð á mótun launastefnu fyrir almennan vinnumarkað sem getur haft miklar efnahagslegar afleiðingar. Má benda á skýr dæmi þess að hún hefur á ýmsum tímum lagt grunn að efnahagslegum stöðugleika. Kjör launafólks ráðast á hinn bóginn ekki af umsömdum launum einum saman heldur ekki síður af samhengi kaupgjalds og verðlags svo og skatta og nú síðast af stöðu gjaldmiðilsins. Má greina vaxandi áhyggjur af þýðingu hans í þessu efni.

KJARASAMNINGAR OG SKATTAR

Í ljósi mikillar spennu á vinnumarkaði mun mjög reyna á samn-

ingsaðila í komandi kjarasamningum. Mikilvægt er að niðurstaða fáiast sem fallin er til að stuðla að áframhaldandi uppgangi við sem lægsta verðbólgu.

Forsætisráðherra telur forsendur fyrir lækkan skatta í ljósi traustrar stöðu ríkissjóðs. Útspil hans í þessu efni hlýtur að verða að skoða í samhengi við samningana sem í hönd fara. Raunhæft mat á efnahagslegum afleiðingum ákvarðana í skattamálum hlýtur að fela í sér skoðun á hvaða skatta um ræðir, hvaða fjárhæðir er um að tefla, tímasetningu og samhengi skattalækkana og annarra mikilvægra þjóðfélagslegra ákvarðana á borð við kjarasamninga. Í málum af þessu tagi duga ekki einfaldar upphrópanir þar sem einblínt er á skatta og almenna eftirspurn án þess að tekin séu með í reikninginn hagræn áhrif skattbreytinganna og annarra ákvarðana sem þeim kunna að tengjast.

Skattkerfið hér á landi er ekki fullkomið eða klappað í stein. Þar bíður mörg brotalömin þess að úr verði bætt þegar fjárhagur ríkissjóðs leyfir breytingar í þá átt sem forsætisráðherra hefur boðað. Útspil forsætisráðherra opnar tækifæri sem verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur hljóta að taka tveim höndum sem mikilvægum lið í mótun efnahags- og kjarastefnu til næstu ára.

ESB OG EVRAN

Það er tímanna tákn hversu mikla áherslu Starfsgreinasambandið leggur á umfjöllun um gjaldmiðilinn og þá sérstaklega þann kost að taka upp evru innan vébanda ESB. Þetta er að vonum því hinar miklu stýrivaxtahækkunar beinast ekki síst að hinum al-

menna launamanni. Fólk og fyrirtæki í viðjum yfirdráttar þekkir afleiðingar þessarar stefnu. Má í vissum skilningi ræða um tvöfalt hagkerfi í landinu: Þá sem eru í okurkrónunni og hina.

Staðan í gjaldeyrismálum hefir þróast þannig að stjórnendur helstu fyrirtækja virðast hafa gert upp hug sinn í málinu og gefa krónunni í mesta lagi nokkur ár til viðbótar. Áberandi er að notkun erlendra myntar fer vaxandi í viðskiptalífinu. Æ fleiri viðskipti eru gerð upp í erlendum gjaldmiðli. Sýnt þykir að Kauphöllin verði að verulegu leyti komin í erlenda mynt eftir örfá misseri.

Eðlilega vaknar sú spurning hvenær samningsaðilar á vinnumarkaði sjái sér hag í að semja um kaup og kjör í erlendum gjaldmiðli.

Hugsanlegar leiðir til að evran verði gjaldmiðill Íslendinga eru kannski ekki bara tvær eins og oftast er talað um, þ.e. að ákveðið verði að taka hana upp samhliða aðild að ESB eða taka hana upp einhliða eins og rætt var á ráðstefnu á dögunum.

Þriðja leiðin sýnist þegar í gangi og gerist eins og hér fram er lýst að evran ryður sér til rúms smátt og smátt og krónan hopar sem því svarar. Þetta má kannski orða svo að evran taki sig upp sjálf án þess að fyrir liggi einhver reginákvörðun á stjórnmalavettvangi þar um. Hún kemur fyrir tilstilli fjölmargra ákvarðana ólíkra aðila í viðskiptalífinu þar sem hver reynir að tryggja hag sinn eftir föngum.

Auðvitað væri betra að stórmál af þessu tagi eigi sér skipulegan og formlegan aðdraganda fremur en að menn standi einn góðan veðurdag frammi fyrir orðnum hlut. Atvinnulífið hefur haft forgöngu í málinu og ætti sjálf, fyrirtækin og launafólk, að standa að úttekki á ávinningi þess og annmörkum við að taka upp evru með aðild að evrópska myntbandalaginu.

Á meðan snúast hjól atvinnulífsins og flestir spá uppgangi áfram.

Atvinna er margvísleg og gróðavegur ríkulegur á landi voru, fyrir þá sem kunna með að fara, sagði Jón Sigurðsson forseti.

UM VÍÐA VERÖLD**Góðar slæmar fréttir**

Economist | Hlutabréfavísitölur víða um heim hafa tekið vel við sér síðustu daga og margar hverjar rokið í methæðir eftir niðursveiflu um miðjan júlí vegna vanskila á bandarískum fasteignalánamarkaði. Vanskilin komu harkalega niður á bönkum og öðrum fjármálastofnunum sem hafa orðið að afskrifa stórar fjárhæðir, hundruð milljarða króna, úr bókum sínum. Sum fyrirtækjanna, þar á meðal stærstu bankar Bandaríkjanna, hafa skilað tapi á þriðja ársfjórðungi í fyrsta sinn í áráraðir. Breska vikutímaritið Economist hefur eftir sérfræðingi hjá bandaríska fjárfestingabanknum Morgan Stanley að svo mjög hafi blásið í áhættusækni á ný að svo virðist sem fjárfestar og stjórnendur fjárfestingafélaga hafi steinglymt niðursveiflunni. Sá bendir hins vegar á að nú virðist sem slæmar fréttir séu góðar fréttir og öfugt. Slæmu fréttirnar auki líkurnar á því að bandaríski seðlabankinn lækki stýrivexti á næsta vaxtaákvörðunarfundi sínum í lok mánaðar en góðar fréttir bendi til þess að niðursveiflan hafi ekki komið niður á hagvexti og dragi því úr líkunum á stýrivaxtalækkun.

Meiri álögur á fjárfestingarsjóði

Telegraph | Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands í ríkisstjórn Gordons Brown forsætisráðherra, kynnti drög að sínu fyrsta fjárlagafrumvarpi í gær. Breska dagblaðið Telegraph sagði áður en Darling kynnti frumvarpið að ráðherrann hygðist loka fyrir ýmsar glöppur í bresku skattkerfi sem fjárfestingarsjóðirnir hefðu nýtt sér með ágætum árangri og komist þannig upp með að greiða lægri skatt en ella. Ríkisstjórnir fleiri landa hafa gert skurk í skattamálum gegn fjárfestingarsjóðum, þar á meðal í Bandaríkjunum. Stjórnendur sjóða þar í landi hafa kvartað hástöfum yfir aðgerðunum en þeir segja aðgerðirnar binda hendur þeirra og geta dregið úr afkomu sjóðanna. Fjárfestingarsjóðir eru með áhættusæknustu fjárfestingum og hafa um árabil stundað skuldsettar yfirtökur, sem hafa orðið dýrari en áður vegna hærri verðmiða á lánsfé í kjölfar niðursveiflu á fjármálamörkuðum. Eins og fram kemur í Economist hér til hliðar horfa forstjórnar fjárfestingarsjóða einna helst til þess að Seðlabanki Bandaríkjanna lækki stýrivexti í lok mánaðar en það gerir aðgengi þeirra að lánsfé til frekari fyrirtækjakaupa og skuldsetningar enn auðveldara.

ORKA OG UMhverfi

Til eru mörg dæmi um farsælt samstarf

Sameining og samruni Reykjavík Energy Invest (REI) og Geysis Green Energy (GGE) hefur valdið miklu fjáðrafoki sem sér ekki fyrir endann á. Eignarhald Orkuveitunnar (OR) í sameinuðu félagi er umdeilt svo ekki sé meira sagt sem og framkvæmd og ákvarðanatataka stjórnmalámana og stjórnarmanna félaga. Ekki skal dæmt hér um hvað var ábótavant við undir-

búning sameiningar, um hluta-bréfakaup starfsmanna og fjármögnun þeirra eða aðra meðferð málsins en bent á atriði sem minna hefur farið fyrir í umræðunni.

SAMKEPPNISFORSKOT Á ALÞJÓÐAMÖRKUÐUM

Líklegt er að tilgangur forsvarsmanna félaga að fá OR að nýju sameinuðu félagi undir merkjum REI hafi byggst á samkeppnislegum sjónarmiðum. Það eru fleiri fyrirtæki sem bjóða fram jarðvarmalausnir en REI og fyrirtæki bjóða nú þegar fram lausnir aðrar en jarðvarma við að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Nægir í því sambandi

að nefna, sólar-, vind-, og sjávarfallaorku sem og ýmsar tegundir vistvænna orkugjafa. Óhjákvæmilega mun kjarnorkan líka verða í samkeppni við þessa umhverfisvænu orkugjafa. Það að fá OR að fjárfestingunni gefur félaginu einfaldlega aukinn slagkraft, trúverðugleika, aðgang að mannauði, mannvirkjum og tækniþekkingu sem REI hefði annars ekki yfir að ráða. Þessir þættir munu efla sameinað fyrirtæki í þeirri alþjóðlegu samkeppni sem framundan er.

EINKAFRAMTAKID OG HIÐ OPINBERA

Það að leiða saman einkaaðila og opinbera geirann í orkumál-

um hefur víða gefið góða raun. Á þessu sviði hefur opinberi geirinn á Íslandi byggt upp sérþekkingu sem einkafyrirtækin hafa ekki yfir að ráða. Mörg dæmi eru til um farsælt samstarf opinberra fyrirtækja og einkafyrirtækja í orkumálum víðs vegar um heiminn, svokallað „Private/public Partnership“ (PPP). Evrópusambandið hefur lengi hvatt til þess konar samstarfs, Alþjóðabankinn (TWB) og World Economic Forum (WEF) hafa hvatt til og lagt sitt af mörkum til að koma opinberum og einkaaðilum saman til að vinna sameiginlega að verkefnum á orkusviði. Minnesota-ríki í Bandaríkjunum vinnur að því að verða leiðandi

í uppbyggingu endurnýjanlegra orkugjafa þar í landi og hefur þar verið byggt upp og falast eftir samstarfi og samvinnu við einkaaðila við þá uppbyggingu. Sama má segja um Kaliforníuríki. Það þarf ekki að taka það fram að fæst verkefni á þessu sviði eru án áhættu. Ef menn hafa virkilegan áhuga á þessari leið er ekki vandi að finna fjölda fordæma sem skilað hafa góðum árangri.

Kristján Vigfússon, aðjúnt við Háskólann í Reykjavík þar sem hann kennir meðal annars um orku- og umhverfismál.



SPÁKAUPMAÐURINN

Stórir fiskar í lítilli tjörn

Það er alltaf betra að vera stór fiskur í lítilli tjörn en taka þátt í hákarlaslagnum á úthafinu. Þetta hugsaði ég í einni boðsferðinni á dögnum þegar ég flaug yfir Atlantshafið. Ég man ekki hvort það var þegar ég fór til Kína, London eða Mílanó. Þetta rennur allt saman í eitt stórt partí þegar stórir fiskar úr litlum tjörnum skemmta sér saman.

Mér finnst þessar ferðir alveg ágæt. Það er stundum nauðsynlegt að standa upp frá skrifborðinu þar sem maður hangir einn allan daginn og hitta fólk. Engir eru duglegri að slúðra en virkir þátttakendur á markaðnum. Saumaklúbbarnir eru bara fyrir smábörn í samanburðinum. Það er talað um alvöru hluti. Milljarðaplott og strategískar útskýfanir. Eineltið er ekkert betra í viðskiptalífnum en í barnaskólanum. Það er bara ekki sá sterkasti sem vinnur heldur sá sem á mestu peningana – og er tilbúinn að beita þeim.

Annars hefur verið óvenju farsælt í kringum flest þessa dagana. Nema auðvitað þar sem pólitíkin blandast inn í. Ég skil ekkert í þessum körlum að nenna að teika opinber fyrirtæki í leit að tækifærum. Það er ávisun á vesen og baknag í fjölmiðlum. Menn eiga að forðast sviðsljósið eins og heitan eldinn.

Menn eru líka meira farnir að huga að erlendum mörkuðum þar sem engar kunnuglegar tær eru. Lansinn er enn að þreifa fyrir sér á Írlandi eftir um sex mánaða tilraun til að ná einhverjum tókum á þessum Irish Nationwide. Hvenær ætli þeir loki þeim blessaða díl. Gangi það eftir mun starfsólkið vonandi tolla betur í starfi en þegar samruninn við Bridgewell gekk eftir. Samt alltaf nauðsynlegt að lofta út og kasta nokkrum

Maggi Kristins er ennþá að velta fyrir sér Skeljungu. Gárungar gantast með það að hann vilji Kristín Björnsson heim. Sé tilbúinn að fórna miklu fyrir það þó Pálmi Haralds sé ekki búinn að láta kompaníð af hendi.

Menn verða bara að hafa það í huga að ef stórir fiskar í lítilli tjörn hætta sér á úthafi verða þeir að öllum líkindum étnir af hákurlunum.

Spákaupmaðurinn á horninu



Skrifstofuhúsgögn

Beyki

....á miklu betra verði!



Hnota



Hæðarstillanleg skrifborð frá kr. 31.300

Kirsuber



Hlynur



Samstæðan kr. 56.400

Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Niðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is



Félag viðskiptafræðinga
og hagfræðinga

Warren Buffett: Sjálfstæði í hugsun og athöfnum

Fjárfestakvöld fimmtudaginn 11. október nk.
Thorvaldsen Bar - Austurstræti 8-10
(Bertelstofa) frá kl. 20.00-22.00

Mikið hefur verið ritað um fjárfestingaraðferðir Buffett í gegnum tíðina. Hann hefur þó sjálfur sagt að þekking á fjármálum skipti litlu ef fjárfestirinn búi ekki yfir sjálfstæðri hugsun, vísu til að þekkja og forðast alvarlega áhættu og einnig skilningi á eðli manna og stofnana.

Í þessum fyrirlestri er skyggst í bakgrunn Buffett. Fjallað er um hverþig fjárfestingarstefna hans mótaðist upphaflega og með hvaða hætti hún hefur þróast. Þó svo að stefnan hafi breyst í gegnum tíðina hafa ýmsir þræðir haldist óbreyttir og eru undirstaða velgæni hans í fjárfestingum í yfir 50 ár.



Már Wolfgang



FYRIRLESARI

Már Wolfgang Mixa starfar sem sérfræðingur í eigin viðskiptum hjá Icebank. Már er með B.S. próf í fjármálafræðum og B.A. próf í heimspeki frá University of Arizona, auk þess að vera löggildur verðbréfamiðlari héraendis og vestan hafs.

Már hefur ritað fjölda greina um fjármál síðasta áratuginn, meðal annars nokkrar um Warren Buffett.

Skráning fyrir fram æskileg - takmarkað sætaframboð!

Vinsamlega skráið þátttöku á vef FVH, www.fvh.is eða í síma 551 1317.
Aðgangur gjaldfrjáls fyrir félagsmenn FVH

Haldið í samstarfi við:

ICEBANK



Í BAFTA AUDITORIUM Í MIDBORG LUNDÚNA Við háborðið má sjá Hannes Smáráson forstjóra, Jón Sigurðsson, Örvar Kærnested og Benedikt Gíslason.
Mynd/FL Group

Þrjár stoðir í FL Group eiga að skerpa áherslur í fjárfestingum

160 manns sóttu fjárfestadag FL Group í Lundúnum. Kynnt var nýtt skipurit og stefna. Starfsmönnum hefur fjölgað úr fimm í tæp 40 á einu ári.

FL Group á auðseljanlegar eignir sem standa undir skuldbindingum félagsins til næstu 24 mánaða. Þetta er meðal þess sem fram kom í máli Hannesar Smárásonar, forstjóra FL Group, á Capital Markets Day fjárfestakynningu í Lundúnum fyrir helgi. Á fundinum var kynnt nýtt skipurit og skipulag félagsins, auk þess sem nánari grein var gerð fyrir fjárfestingastefnu þess.

Hannes fór yfir mikinn vöxt FL Group síðustu ár og kvað komið að þeim tímupunkti að straumlínulaga hefði þurft skipulag félagsins. Framkvæmdastjórn FL Group samanstendur nú af forstjóra, aðstoðarforstjóra og fimm framkvæmdastjórum.

„Tekjusvið félagsins eru þrjú og njóta þau hvert nokkurs sjálfstæðis og bera ábyrgð á eigin fjárfestingum,“ sagði Hannes og bætti við að skipulag sem þetta myndi gera starfsemi félagsins markvissari og styrkja tekjugrunn.

Jón Sigurðsson aðstoðarforstjóri er yfir svokölluðu Financial Institution Group (FIG) sviði, en undir það falla fjárfestingar í fjármálafræðingum.

Örvar Kærnested, stýrir einkafjárfestingum, eða Private Equity, en þar er sinnt skuldbindingum yfirtökum, fjárfestingum í óskráðum félögum og skráningum á markaði. Þá er Benedikt Gíslason framkvæmdastjóri Capital Markets, en þar undir fellur meðal annars veltubók hlutabréfa, skuldbréfa og gjaldmiðla og afleiðugerningar fyrir samstæðuna. Þá sagði Hannes að innan sviðsins kæmi til greina stofnun vognarsjóðs (Hedge Fund), mögulega með þátttöku annarra fjárfesta. Enn er þó unnið að útfærslu slíkra hugmynda og því ekki niðurneglt hve stór slíkur sjóður gæti orðið.

Aðrir framkvæmdastjórnar FL Group eru Sveinbjörn Indriðason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, Halldór Kristmannsson framkvæmdastjóri samskiptasviðs, og Bernhard Bogason, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs.

Fundur FL Group í Lundúnum var vel sóttur af fjárfestum, greinendum og öðrum markaðsaðilum. Alls sóttu fundinn um 160 manns. Blaðamaður Markaðarins sótti fundinn í boði FL Group. - óka

Okkar landsfræga og margrómaða

Okkar vinsælu
árshátíðarpakkar
Frábær aðstaða fyrir
fundir & ráðstefnur
fyrir stóra og smala hóp

jólahlaðborð

Pantið tímanlega til að tryggja ykkur borð. Síðast komust færri að en vildu

Á föstudags- og laugardagskvöldum
er innifalið í verði;
Jólahlaðborð, dansleikur, hljómsveit leikur fyrir dansi, rútuferðir fram og til baka.

Sunnudagskvöldin eru fjölskyldukvöldin okkar, þá kemur jólasveinninn í heimsókn með glaðning handa börnunum, frítt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með foreldrum.

Fimmtudagskvöldin koma á óvart hjá okkur. Tilvalið fyrir starfsmannahópa, vinahópa, klúbba, félagasamtök og alla hóp sem vilja hafa gaman og láta dekra við sig í mat og drykk.

4 glæsilegir salir - allt að 350 manns

Skidaskálinn í Hveradölum
www.skidaskali.is - Netfang: skidaskali@skidaskali.is
Pantið tímanlega - s. 567 20 20

Industria verðlaunað fyrir sjónvarp um net

„Freewire“ er besta nýjungin á sviði sjónvarps sem dreift er með internetntækni (Internet Protocol Television - IPTV) að mati dómnefndar Global Telecoms Business magazine Innovation Awards. Industria, ásamt breskum samstarfsaðila að nafni Inuk Networks, vann til verðlaunanna nýverið.

Stefán Baxter, þróunarstjóri Industria, og Marcus Liassides, framkvæmdastjóri Inuk Networks, veittu verðlauninum viðtöku á verðlaunahátíð í Whitehall í Lundúnum að viðstöddum um 180 stjórnendum fjarskiptafyrirtækja víðs vegar að úr heiminum.

Inuk hefur leitt innleiðingu Freewire-þjónustunnar, en henni er til að byrja með ætlað að veita öllum breskum háskólastudentum aðgang að stafrænu sjónvarpi um internetið, að því er fram kemur í tilkynningu félaganna. „Gríðarlega góðar viðtökur Freewire gefa vísbendingar um að innan árs verður þetta stærsta IPTV-dreifingarnet Bretlands og muni jafnvel ná til sex milljóna notenda. Jafnframt stefnir Inuk á að bjóða sömu þjónustu til háskólastudenta í Kanada fyrir lok þessa árs,“ segir þar, en Inuk



GUÐJÓN MÁR GUÐJÓNSSON Guðjón er framkvæmdastjóri íslenska tæknifyrirtækisins Industria sem auk þess að búa til hugbúnað fyrir miðlun stafræns efnis byggir upp ljósleiðararnet. MARKAÐURINN/GVA

valdi Signal, alhliða hugbúnaðarlausn fyrir dreifingu á gagnvirkum margmiðlunar- og sjónvarpsefni um internetið, sem Industria hefur þróað.

„Meðal nýjunga sem ekki hafa sést áður í hugbúnaði af þessu tagi er möguleikinn á að taka við gagnvirkum sjónvarpsútsendingum beint í heimilistölvu, án þess að vera með sérstakan af-ruglara. Þá getur Signal einnig dreift sjónvarpsefni í farsíma af þriðjukkynslóð.“

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:                              

Hugmyndir mikilvægasta framleiðsluvara Vesturlanda

Vestrænum þjóðum stafar veruleg ógn af því hversu lítið skapandi þegnar þeirra eru. Þetta fullyrðir sænski fyrirlesarinn Fredrik Hären sem staddur var hér nýverið í boði Nýherja. Hann hrsti upp í hugmyndum *Hólmsfríðar Helgu Sigurðardóttur* og annarra áheyrenda.

„Hversu margir hérna inni myndu telja það mikilvægan eiginleika að vera skapandi?“ spurði nýsköpunarsérfræðingurinn Fredrik Hären, sem staddur var hér nýverið í boði Nýherja, í upphafi fyrirlestrar síns. Langflestir réttu upp hönd. Þá bað hann viðstadda að rétta upp hönd ef þeir teldu sjálfa sig vera skapandi. Það gerði meira en helmingur hópsins. „Hvergi hef ég séð eins marga segjast vera skapandi eins og hér á Íslandi!“ sagði Fredrik hissa. „En ég get fullvissað ykkur um að þið eruð það ekki,“ bætti hann svo við.

Ýmsum varð nokkuð við þá fullyrðingu hans. En það verður að segjast að honum tókst nokkuð vel við að rökstyðja hana. Hann óskaði meðal annars eftir því að fá með framíköllum tíu fullyrðingar sem væri ómögulegt að uppfylla. „Að ganga á vatni“, „að sprengja upp sólina“, „að ferðast um tíma“ og „að fljúga“ voru á meðal þeirra tilgagna sem bárust. Þær tillögur, sem sannanlega eru dæmi um það sem mönnum er ekki fært að gera hjálparlaust, notaði Fredrik við rökstuðninginn. Hann setti á glæru þar sem sex af tíu atriðum voru nákvæmlega þau sömu og Íslendingarnir skapandi í salnum höfðu nefnt. „Þið hefdu getað sagt hvað sem er. En þið völduð að segja það sama og langflestir aðrir gera þegar þeir fá þessa spurningu.“

HUGMYNDIR ALDREI MIKILVÆGARI

Fredrik var valinn fyrirlesari ársins í Svíþjóð í fyrra og frumkvöðull ársins árið 2003. Hann hefur skrifað tvær bækur um hugmyndaauði sem gefnar hafa verið út á sex tungumálum. Um þessar mundir býr hann í Peking þar sem hann leggur stund á að kenna Kínverjum hvernig þeir geta verið meira skapandi. „Það er Vesturlöndum mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr að vera skapandi,“ fullyrðir Fredrik. Upplýsingar og þekking séu sífellt að verða bæði ódýrari og aðgengilegri. Ekkert lát verði á þeirri þróun. Menntuðu fólk í Kína, Indlandi og í öðrum vandróðri löndum fjölgi svo ört að engin leið sé fyrir vestræn samfélög að keppa við þau í sköpun þekkingar og upplýsinga.

Í þessu umhverfi ættu möguleikarnir til að fæða af sér nýjar hugmyndir að vera fleiri. En til þess að fá ferskar hugmyndir þarf ímyndunarafl, því þær eru drifkraftur nýsköpunar. „Margt af því sem eitt sinn tilheyrði vísindaskáldsögum er til í dag. Sími í úrinu eins og James Bond notaði, vélmenni sem hreinsa húsið meðan íbúarnir eru fjarri, háhýsi sem eru tugir hæða. Allt þetta taldi fólk að væri ómögulegt að yrði nokkurn

FREDRIK HÄREN
Sérfræðingur í
nýsköpun fyrirtækja.

tímann að veruleika. En þetta var mögulegt. Það sýnir hversu niðurnjörvaðar hugmyndir fólks eru og ímyndunarafl lítið.“

SKÖPUNARGLEÐIN MARKVISST DREPIN

En er þetta eitthvert vandamál? Fredrik er hræddur um það. Hann segir að hugmynda-sprenging sé að verða í heiminum og hann sé alls ekki undir það búinn. Og þá síst hinn vestræni heimur. „Kannanir sýna að 98 prósent fólks í vestrænum þjóðfélögum telja mikilvægt að vera skapandi á meðan einungis 45 prósent telja sig vera það. Tvö prósent fyrirtækja hins vegar kenna sínu fólk að vera skapandi. Hvernig stendur á því að eitthvað sem er svona óskaplega mikilvægt geti verið svona varrækt?“ spyr hann. Hann segir íbúa Vesturlanda hætta að láta sig dreyma. „Við höfum tapað draumum okkar hér í vestræna heiminum. Fólkíð sem dreymir stærstu draumana er ekki lengur hér.“ Hann nefnir dæmi um að fimmtíu ár séu síðan hæsta hús heims hafi verið að finna í Evrópu. Það sé í Asíu sem öll gerjun eigi sér stað. Hann segir að í vestræna heiminum tröllríði sú hugsun öllu að við „séum búin“. Við séum hætt að þróa nýjar leiðir en leggjum meiri áherslu á að varðveita það sem við höfum.

Virði sköpunargleðinnar hefur greinilega aukist. Vandamálið er, að mati Fredriks, að vestræn samfélög drepa sköpunargleði markvisst. „Skólinn drepur sköpunargleði okkar sem barna. Við höfum verið heilapvegin frá æsku. Ekki hugsa – leggjðu á minnið hefur alltaf verið viðkvæðið,“ segir hann. Nú sé tími til kominn að breyta þessu og fara að keppa í sköpunargleði. „Að fá hugmynd og selja hana á alþjóðlegum vettvangi hefur aldrei verið eins

auðvelt og nú. Þetta er frábær tími til að vera skapandi!“



Hólmsfríður Helga Sigurðardóttir



CARLOS CARDOZA Margir segja að vindlar frá Kostaríku séu jafnvel bragðbetri en Kúbuvindlarnir heimsfrægu. Carlos segir lítið um það, en fullyrðir að mikil tækifæri felist í viðskiptum á milli Íslands og Kostaríku á öðrum sviðum.

Strætóferð breytti lífinu

Strætóferð Carlos Cardoza í heimalandi sínu, Kostaríku, fyrir um tíu árum átti eftir að gjörbreyta lífi hans. Þar hittu hann unga konu sem hann gaf sig á tal við. „Þú ert ekki héðan heyri ég. Þú hefur svo sterkan evrópskan hreim. Hvaðan ertu?“ spurði Carlos. Konan ranghvolfdi augunum og átti ekki von á að maðurinn málglæði þekkti landið. Það gerði hann þó og fullyrðir stoltur að á því augnabliki hafi hann náð ástum hennar. Í dag er Carlos giftur þessari konu, Eyrúnu Einarasdóttur, sem á þessum tíma starfaði sem sjálfboðaliði fyrir Amnesty International í Kostaríku. Saman eiga þau soninn Einar Alberto Cardoza.

Kostaríka

Tungumál: Spænska
Mannfjöldi: 4,4 milljónir
Hagvöxtur: 7,9 prósent
Verðbólga: 10 prósent
Atvinnuleysi: 6,3 prósent
Gjaldmiðill: Kólón (1 kólón = 0,12 krónur)
Heimild: Heimasíða Alþjóðabankans.
Tölur miðast við árið 2006.

Á ÍSLANDI Í ÁTTA ÁR

Árið 1999 fluttu þau Carlos og Eyrún til Íslands þar sem hér var fleiri atvinnutækifæri að finna en í Kostaríku. „Í samanburði við flest önnur lönd í Mið- og Suður-Ameríku er atvinnuástandið mjög gott í Kostaríku. En það er langt frá því að vera eins gott og það er hér. Það var ein aðalástæðan fyrir því að við fluttum hingað,“ segir Carlos, sem er iðnverkfræðingur að mennt. Hér hefur hann verið við ýmis störf en vinnur nú hjá leikjafyrirtækinu CCP. „Í Kostaríku hefði ég auðveldlega getað fengið ágætisvinnu, til dæmis í símaveri. En ég eyddi ekki þremur árum af ævi minni í nám til að enda í slíkri vinnu.“

Frá því að Carlos flutti frá föðurlandinu hefur margt þar breyst til hins betra að hans mati. Bæði sé þar fleiri háskóla að finna í dag en áður fyrr og auðveldara orðið að ná í fjölbreytilegar háskólagráður en áður var með fjölgun einkarekinna háskóla. „Þetta þýðir að ungum sérfræðingum hefur fjölgað verulega. Alþjóðleg fyrirtæki eru farin að sjá að það liggja miklir ónýttir kraftar í þessu fólk.“

Erlendum fyrirtækjum hefur í beinum tengslum við þetta fjölgað verulega í Kostaríku. Fjöldi alþjóðlegra risa-fyrirtækja hefur komið upp starfsemi þar á undanföllum árum. Má þar nefna Intel, HP, DHL, Procter&Gamble og fleiri.

Það er ekki bara ónýttur mannauðurinn sem dregur þessi fyrirtæki að. Það er ekki síður lega landsins. Aðeins tekur stutta stund að komast þaðan til helstu stada Suður- og Norður-Ameríku. Þá ríkir þar mun meiri stöðugleiki og friðsæld en í nágrennalöndunum. Þar hefur lýðræði ríkt ótruflað í meira en fimmtíu ár, landið er herlaust og forseti þess, Óscar Arias, er handhafi friðarverðlauna Nóbels.

VARÐ FYRIR SLÖKUNARÁFALLI

Að aðlagast lífinu á Íslandi þótti Carlosi ekki mikið tiltökumál. Hann skrifar það að miklu

leyti á uppeldi þar sem honum var uppálagt að vera sveigjanlegur og aðlagast aðstæðum, því þær myndu ekki aðlagast honum. Þá ferðaðist hann mikið með fjölskyldu sinni frá því hann var barn og fór ungur sem skiptinemi til Bandaríkjanna. Það var helst

mannfæðin á Íslandi sem kom honum í opna skjöldu. Í Kostaríku búa 4,4 milljónir manna á landsvæði sem er helmingi minna en Ísland. Hann gleymir því seint þegar konan hans keyrði með hann niður Laugavegin í fyrsta sinn. „Hvar er svo miðbærinn og allt fólkíð?“ spurði hann og fékk vægt áfall við að heyra sannleikann. „En þetta var ekkert vandamál. Það má lýsa því að koma hingað sem slökunaráfalli,“ segir Carlos hlæjandi.

Tvennt segir hann líkt með þjóðunum. Annars vegar séu þegar beggja óhemju óstundvísir. Hins vegar sé það aksturinn. „Það mætti setja upp keppni um hvorir séu verri öikumenn, Íslendingar eða Kostaríkumenn. Í Kostaríku geturðu verið viss um að þú þarft alltaf að gæta þín í umferðinni. Á Íslandi er þessu ódrúvísi farið. Hér geta menn á fínum bílum sem virðast sómamenn breyst í villidýr á götum. Engin leið er að þekkja þá frá öðrum.“

ÝMIS VIÐSKIPTATÆKIFÆRI Á LAUSU

Carlos er ekki í nokkrum vafa um að tækifæri felist í viðskiptum milli Íslands og Kostaríku. Hins vegar þurfi að efla formleg samskipti milli landanna til að liðka fyrir því. „Ísland hefur sendifulltrúa í Kostaríku. Sá hefur aldrei komið til Íslands en hefur lítinn íslenskan fána á borðinu sínu og nokkur gömul tímarit frá Ícelandair. Ef þörf er á raunverulegri hjálp frá honum þarf hann að snúa sér til sendiráðsins í New York. Það þyrfti að bæta úr þessu.“

Ekki síst felast miklir möguleikar í ferðamannaíðnaði landanna á milli að mati Carlosar. Sérstaklega fyrir golfáhugamenn, enda séu margir gæðavellir á Kostaríku. Þá segir hann margar

vörur þaðan eiga vel heima á Íslandi. Jafnframt gætu mörg íslensk fyrirtæki hagnast á framleiðslu og jafnvel sölu á vöru sinni þar. „Fyrirtæki á borð við 66°N ættu að skoða Kostaríku. Miðhálandi landsins er bæði kalt og rakt. Fólk þarf á hlýjum fötum að halda þar.“ Hann nefnir líka vörur Bláa lönsins, enda sé heilsan og náttúrulegar vörur ofarlega í hugum landsmanna þar eins og annars staðar í heiminum um þessar mundir. Hann segir íslenska framleiðslu alls ekki of dýra fyrir stóran hluta íbúanna. „Stóri munurinn á Kostaríku og öðrum ríkjum Mið- og Suður-Ameríku er uppbygging samfélagsins. Efstu og neðstu stéttirnar eru tiltölulega litlar. Miðstéttin er hins vegar risastór og kaupmáttur hennar hefur vaxið hratt á undanföllum árum.“

FRÓÐLEIKSMOLAR

Kostaríka...

... var fyrsta landið í heiminum til að setja í stjórnarskrá sína að ekki skyldi haldið úti her.

... er ekki ólíkt Íslandi í einum skilningi að mati Carlos. Vart megi á milli sjá hverjir séu verri öikumenn, Kostaríkumenn eða Íslendingar.

... á þjóðarrétt sem svipar mjög til sláturs. Blóðið og mörinn eru til staðar, eini munurinn er að þetta er úr svinum.

Perlan

Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.

Nú fer hver að verða síðastur!

17. október lýkur

...4ra rétta veislu

HUMARSÚPA

rjómalöguð með grilluðum kóngarækjum
1 glas af Tokay Pinot Gris Reserve, Lucien Albrect, Frakkland.

PÖNNUKAKA

fyllt með skógarsveppum og mozzarella-osti
1 glas af Macon Chaintré, Domaine de Lalande Dominique Cornin, Frakkland.

LAMBAHRYGGUR

fillet með steinseljurótarmauki og rósmarínsósu
1 glas af Chianti Riserva Sensi, Toskana, Ítalía.

ÍSLENSKT VANILLUSKYR

með pistasíufroðu og sólberjakrapi
1 glas af Vino Santo Del Chianti Sensi, Toskana, Ítalía.

5.950 kr.

Með fjórum glösum af víni: 8.790 kr.

Villibráðarhlaðborðið hefst 18. okt.

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess í besta villibráðarhlaðborði landsins.

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínunum.

Aðeins 6.590 kr. | Tilboð mánudaga-miðvikudaga: 5.590 kr.

Jólahlaðborðið hefst 22. nóv.

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!



BANKAHÓLFID



Íslenskt í Kína

Gestum Eimskips í Kína um nýliðna helgi var boðið í kvöldverð á Shangri-La hótelinu í boði stjórnvalda í Qingdao. Bornir voru fram glæsilegir kínverskir réttir sem margir hverjir brögðuðust vel. Hákarlasúpan fór ekki vel í alla og sumir gátu ekki borðað önd né fisk þar sem hausarnir fylgdu með á diskunum. Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff voru sérstakir gestir varaborgarstjórans og báru sig vel. Heilsuðu þau flestum íslensku gestunum og gáfu sér tíma í smá spjall. Auðvitað barst talið að matnum í einhverjum tilvikum sem sumir voru ekki hrifnir af. Dorrit var kurteis að venju en hvíslaði því að hún þyrfti ekki að hafa miklar áhyggjur. Hún væri nefnilega með hangikjöt og skyr með sér í nesti uppi á hótélherbergi.

Að hætti Íslendinga

Drátt fyrir að Íslendingar séu ein fámennasta þjóð heims eru þeir öflugir á mörgum sviðum. Þeir hafa úthald og þrautseigju sem fleytir þeim oftast langt. Stundum koma þeir sjálfum sér á óvart og stundum koma þeir fjölmennustu þjóð veraldar á óvart. Þannig var það um síðustu helgi að 300 Íslendingar dvöldu á Shangri-La hótelinu í Qingdao í Kína. Hótelið er risastórt en greinilegt var að starfsfólkið á hótélbarnum hafði aldrei áður haft jafn mikið að gera við að bera drykki í gesti. Þjórinn kláraðist, ginið og fleiri drykkir eins og hendi væri veifað. Veltumet var slegið og hótélstarfsmenn báru inn meiri veigar í skjóli nætur í lögreglufylgd. Úthaldið er líka mikið í útlöndum en þrautseigjan kom öllum upp á herbergi að lokum.

Ekkert fyndið

Allir alvöru fjölmiðlar hafa undanfarna daga fjallað um mál-efni Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavík Energy Invest. Vikuritið Vísibending er þar engin undantekning. Í nýjasta tölublaði spyr Benedikt Jóhannesson: „Allt í einu virðist sem forráðamönnum borgarinnar hafi hins vegar vaxið ásmegin í atvinnurekstri. Í stað saklauss og hlægilegs rækjueldis er Reykjavíkurborg komin í samkeppni um jarðvarmaverkefni í Indónesíu. Vorum við að kjósa borgarfulltrúa til þess?“

65 milljarða króna heildareignir sameinaðs félags Reykjavík Energy Invest og Geysis Green Energy.

6% prósentu hækkuð úrvalsvisítölu Kauphallar Íslands á fjórða ársfjórðungi ná spár Greiningar Glitnis fram að ganga.

60% hlutur Eimskips í kínverska gáma-geymslufyrirtækinu Luyi Depot.

Gerum það rétt, og gott betur

Gutenberg er leiðandi prentfyrirtæki á Íslandi. Við höfum yfir 100 ára reynslu í prentiðnaði og allan þann tíma höfum við lagt áherslu á að vera fremst á okkar sviði. Hver viðskiptavinur fær þá þjónustu sem hann þarfnast hjá Gutenberg. Þarfir hvers og eins eru mismunandi en þú getur verið viss um að fá úrlausn þinna mála hjá okkur.

Sköpun þín verður áþreifanleg hjá Gutenberg

Gutenberg Sími 545 4400
Suðurlandsbraut 24 Fax 545 4401
108 Reykjavík www.gutenberg.is



Valsað ál fyrir þök og vegg

Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 12 litum



Ál er okkar mál



Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is